

GLEÐILEGA PÁSKA

## BÚÐU ÞIG UNDIR STÓRSKEMMTILEGA PÁSKA Á STÖÐ 2



Frábærar bímyndir, erlendir spennu- og grínþættir, vönduð íslensk dagskrá og fyrsta flokks talsett barnaefni.





FRÁBÆR  
DAGSKRÁ  
FYRIR ALLA  
FJÖLSKYLDUNA



PÁSKAVEISLA Á STÖÐ 2



# HAFÐU ÞAÐ GOTT UM PÁSKANA



Við ætlum að hafa það virkilega notalegt um páskana og bjóðum upp á frábæra og fjölbreytta dagskrá fyrir alla fjölskylduna. Hallaðu þér aftur í bústaðnum eða heima fyrir og njóttu páskadagskrár Stöðvar 2 í botn. Þú gengur frá áskrift á 365.is eða í síma 1817.



Fyrsti Bandaríkjaforsetinn sem heim-sækir Kúbu í 88 ár. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## Sáttatónn hjá forsetum á Kúbu

**KÚBA** Mannréttindamál og aukin viðskipti Bandaríkjanna og Kúbu voru meðal þess sem Barack Obama Bandaríkjaforseti ræddi við Raul Castro Kúbuforseta þegar þeir hittust í Havana á Kúbu í gær.

Þetta er í þriðja sinn sem þeir Castro og Obama hittast frá því í desember 2014, þegar þeir skýrðu frá því að stjórnmatengsl yrðu tekin upp á milli landanna.

Ný skoðanakönnun sýnir að 62 prósent Bandaríkjamanna eru ánægð með að löndin taki upp stjórnmatengsl. Hins vegar telja einungis 40 prósent þeirra líklegt að þetta verði til þess að Kúbverjar taki upp lýðræðislegt stjórnarfar. – gb / sjá síðu 10



## Mikið lagt undir í Bretlandi í júní

**BRETLAND** Samkvæmt rannsókn viðskiptahóps breska iðnaðarsambandsins, CBI, gæti útganga Breta úr Evrópusambandinu kostað ríkið um 100 milljarða breskra punda, eða 18.000 milljarða íslenskra króna, allt að 950 þúsund misst vinnuna og hagvöxtur dregist saman.

Stuðningsmenn útgöngu Breta telja hins vegar að mikill efnahagslegur ávinningur sé af útgöngunni þar sem markaðir geti verið frjálssari þegar þeir þurfi ekki að lúta hörðum reglugerðum Evrópusambandsins.

Farið er yfir hugsanleg jákvæð og neikvæð áhrif fyrir Breta við útgöngu úr ESB í blaðinu í dag. – sg / sjá síðu 8



Stuð að eilífu Börn og fullorðnir skemmtu sér konunglega á Alþjóðlega Downs-deginum í gær. Páll Óskar tróð upp fyrir fjöldann sem mætti í stemninguna í veislusal Próttar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Fyrrverandi landlæknir skrifar um fjármögnun heilbrigðisþjónustu. 14-15

**SPORT** Misstu stigahæsta leikmann deildarinnar en verða deildarmeistarar með sigri í kvöld. 14

**LÍFID** Quarashi koma fram á Þjóðhátíð í ár. 24-26

**PLÚS 1 SÉRBLAÐ • FÓLK**

\*Samkvæmt prentmiðlökönnun Gallup apríl-júní 2015

**BETRA GRILL**  
við veginn

### LÍFRÆNT RAUÐRÓFUÐUFT Í HYLKJUM



„Náði kólesterólinu niður á stuttum tíma.“  
Jóhannes S. Ólafsson

# Læknar settir í gámaskrifstofur

Setja á upp átján gáma fyrir skrifstofur starfsfólks Landspítalans í Fossvogi. Rýma á fyrir bráðaskurðstofu og nýju sneiðmyndataeki. Menn kunna vel við að vera í gámum að sögn framkvæmdastjóra rekstrarsviðs.

**HEILBRIGÐISMÁL** Ríkiskaup hafa fyrir hönd Landspítala óskað eftir tilboðum í kaup og uppsetningu á átján gámum á lóð Landspítala í Fossvogi, eða jafn mörgum gámum og komið var fyrir á lóð spítalans við Hringbraut fyrir rúmu ári.

Að sögn Ingólfs Þórissonar, framkvæmdastjóra rekstrarsviðs Landspítala, er stefnt að því að gámarnir í Fossvogi verði teknir í notkun í sumarlok. Þeir verða nýttir undir skrifstofur starfsmanna.

„Starfsemin á spítalanum er að vaxa það mikið að við þurfum að rýma. Það á til dæmis að bæta við nýju sneiðmyndataeki. Það er eitt

Starfsemin á spítalanum er að vaxa það mikið að við þurfum að rýma. Það á til dæmis að bæta við nýju sneiðmyndataeki. Það er eitt slíkt tæki í Fossvogi en það er of lítið.

Ingólfur Þórisson, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Landspítala.



slíkt tæki í Fossvogi en það er of lítið. Bæta þarf við bráðaskurðstofu auk þess sem stækka þarf vöktun við skurðstofur. Það er verið að bæta aðstöðuna inni á spítalanum vegna bráðnaudsýnlegrar þjónustu við sjúklíngana,” greinir Ingólfur frá.

Átján gámar sem komið var fyrir á lóð Landspítalans við Hringbraut í desember 2014 eru enn í notkun.

„Það eru að mestu leyti læknar með skrifstofur í þeim gámum og það má gera ráð fyrir að þannig verði það einnig við spítalann í Fossvogi,” segir Ingólfur.

Að sögn Ingólfs kunna menn vel við gámaskrifstofurnar. „Ég hef

að minnsta kosti ekki heyrt neitt annað,” segir hann.

Um 500 fermetra rými er í gámunum við Hringbraut.

„Gámarnir í Fossvogi verða af sömu stærð en það getur verið að þeir verði eitthvað öðruvísi. Það fer eftir því hvað kemur út úr útboðinu,” segir Ingólfur.

Líklegt er að gámarnir átján í Fossvogi verði í notkun þar til flutt verður í nýjan spítala, að því er Ingólfur segir.


Erfiðara sé að segja til um hvenær skrifstofur verði fluttar úr gámunum við Hringbraut.

ibs@frettabladid.is

### Minna mál með SagaPro

**SAGAMEDICA**  
www.sagamedica.is

## Veður



Austanátt allhvöss við suðurströndina en hægari vindur annars staðar. Rigning sunnan og vestan til á landinu, síðdegis fer einnig að rigna á Norðausturlandi. Hiti 1 til 8 stig.

**SJÁ SÍÐU 18**

## Ungt fólk styður staðgöngu

**KÖNNUN** Nærri sjötíu prósent fólks undir 25 ára aldri styðja staðgöngumæðrun. Þetta er niðurstaða nýrrar könnunar á vegum Maskinu.

Samkvæmt könnuninni er ungt fólk hvað jákvæðast í garð staðgöngumæðrunar en samtals eru tæplega 82 prósent þeirra hlynnt eða í meðallagi hlynnt staðgöngumæðrun. 18,2 prósent eru andvíg.

56,2 prósent karla og 47,4 prósent kvenna eru hlynnt staðgöngumæðrun.

Heilbrigðisráðherra lagði fram frumvarp um staðgöngumæðrun á Alþingi í október. Frumvarpið er enn til meðferðar í velferðarnefnd Alþingis. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, formaður nefndarinnar, segir málið hingað til ekki hafa verið í forgangi. Það verði tekið fyrir þegar húsnaðismálafrumvörp Eyglóar Harðardóttur verði afgreidd úr nefndinni. – **SNÆ**

## Nálgunarbann í mansalsmálinu

**DÓMSMÁL** Karlmaður frá Srí Lanka sem sætir farið vegna gruns um að hafa haldið tveimur konum í vinnubrællun í Vík í Mýrdal hefur verið úrskurðaður í fimm mánaða nálgunarbann gagnvart eiginkonu sinni.

Rannsókn málsins gegn mannum snýr að ætluðu mansali og brotum á lögum um atvinnuréttindi útlendinga og getur hann átt yfir höfði sér allt að 12 ára fangelsi. Lögreglan á Suðurlandi óttast því að maðurinn kunni að reyna að hafa áhrif á framburð konunnar við skýrslugjöf.

Að sögn lögreglunnar hefur rannsókn málsins leitt í ljós að maðurinn hafi nær daglega flutt ófullunnar vörur frá saumastofu sinni í Vík og inn á heimili sitt og látið konurnar vinna þar við þær í leyri.

Konurnar á saumastofu mannsins fengu aldrei greidd laun fyrir vinnuna. – **ÞV**

## Verðlaun fyrir áherslu á mannauð



Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, afhenti í gær Íslensku þekkingarverðlaunin sem Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga veitti Íslandsbanka fyrir árangur í mannauðsmálum. Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, var valinn viðskiptafræðingur ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Sérfræðingur sviptur leyfi

**DÓMSMÁL** Ensk aganefnd um störf lækna hefur svipt barnataugalækinn Waney Squier lækningaleyfi vegna villandi framburðar í barnahristímálum. Hún hefur því verið tekin af lista yfir skráða lækna á Englandi.

Nefndin telur Squier visvitandi hafa veitt rangar og villandi upplýsingar þegar hún var kölluð til sem sérfræðingur og að hún hafi ekki veitt óvilhallan framburð í sex málum frá árunum 2006-2010.

Squier hefur skilað matsgerðum í 150 til 200 dómsmálum sem tengjast dauða ungra barn frá því á miðjum tíunda áratugnum.

Squier gaf skýrslu í máli Sigurðar Guðmundssonar sem dæmdur var til átján mánaða fangelsisvistar fyrir að hafa valdið dauða níu mánaða drengs í daggæslu í Kópavogi árið 2001 en endurupptökunefnd samþykkti á síðasta ári að taka mál Sigurðar upp að nýju. – **ÞV**

# Stórhætta þegar krani fór upp í háspennulínu

Krani gámaflutningabils slóst upp í byggðalínu Landsnets við bæinn Kúskerpi í Skagafirði síðastliðinn laugardag. Eldingu laust niður með mikilli sprengingu undir bilnum. Ótrúlegt að bílstjórinn sé til frásagnar, segir bóndinn á Kúskerpi.

**SLYS** Mikil mildi þykir að ekki fór verr þegar krani gámaflutningabils fór upp í háspennulínu við bæinn Kúskerpi í Skagafirði síðastliðinn laugardag. Eldingu laust niður í jörð undir gámaflutningabílum að framan með mikilli sprengingu.

„Það er ótrúlegt að flutningabílstjórinn skuli vera til frásagnar og hann má prisa sig sælan að línunni sló út,“ segir Einar Halldórsson, bóndi á Kúskerpi.

Unnið er að því á Kúskerpi, sem er kúabú í Akrahreppi í Skagafirði, að reisa nýtt fjós á bænum. Síðastliðinn laugardag kom flutningabílfreið með gám á heimreiðina. Krani bifreiðarinnar fór upp í Rángárvallalínu 1, sem er byggðalína sem tengir Eyjafjörð við Blönduvirkjun. Byggðalínan flytur um 100 MW og er allt að 130.000 volta spennna á línunni.

Þegar kraninn snerti línuna laust eldingu í jörð undir flutningabílnum að framanverðu og við það varð hávær sprenging. Rángárvallalínu sló út um leið enda hefði illa getað farið ef það hefði ekki gerst.

„Það voru menn að störfum í nálægð við atvikið að reisa fjósið. Það þykir mildi að ekki fór illa. Ef línunni hefði ekki slegið út hefði flutningabílstjórinn ekkert verið til frásagnar. Ljós bogi myndaðist undir bílnum með miklum hveli,“ segir Einar bóndi á Kúskerpi.

Samkvæmt upplýsingum frá Landsneti var byggðalína úti í um 90 mínútur. Málið er talið alvarlegt þar sem um byggðalínu er að ræða. Að þeirra mati skapaðist stórhætta á svæðinu. Lögregla var fengin á vettvang auk þess sem starfsmenn Rarik á Saudárkróki könnuðu mögulegar skemmdir á línunni. Steinar Gunn-



Flutningabíllinn með kraninum sem rakst í rafliðu er notaður við smíði fjóss á Kúskerpi. MYND/SIGURÐUR INGI EINARSSON

Það er ljóst að menn voru í stórhættu þegar óhappið átti sér stað.

Steinar Gunnarsson, varðstjóri lögreglunnar í Skagafirði



arsson, varðstjóri lögreglunnar á Saudárkróki, segir ótrúlegt að enginn hafi slasast í þessu atviki. „Það er ljóst að menn voru í stórhættu þegar óhappið átti sér stað,“ segir Steinar.

Óverulegar skemmdir urðu á línunni og var hún komin í notkun stuttu seinna. „Bílstjórinn stökk út úr bílnum um leið og hann heyrði sprenginguna. Hann náði svo að koma krananum niður með fjarstýringu. Okkur var nokkuð brugðið við þetta,“ segir Einar bóndi.

sveinn@frettabladid.is

Verði þér að Góu!

Góa Stofnað 1968

# FRÁBÆR TILBOÐ!

**GOLD**  
EINSTÖK  
GÆÐI

**HREIN EFN**  
KORTALAN  
ALLT AD 36 MÁNUÐIR

**VALTOR** | **VISA**  
KORTALAN  
ALLT AD 36 MÁNUÐIR

Netgíró

Koddi  
50 x 70 sm.  
**9.995**  
nú **6.695**

**33%**  
afsláttur



**WHITE PEARL**  
GÆSADÚNSÆNG  
OG KODDI

Góð gæsadúnsæng fyllt með 750 gr. af mjúkum gæsadúni og fiðri. Áklæði úr 100% bómmull. Sængin er saumuð í ferninga svo dúnninn haldist jafn yfir alla sængina. Má þvo við 60°C. Sæng: 135 x 200 sm. Koddi: 50 x 70 sm. Vnr. 4027450, 4227404

**GÆSADÚNSÆNG OG KODDI**

SÆNG FULLT VERÐ: **29.990**

**19.990**



**høie**  
OF SCANDINAVIA

**PLUS**  
PÆGINDI  
& GÆÐI

**HREIN EFN**  
KORTALAN  
ALLT AD 36 MÁNUÐIR



**SÆNG+KODDI**

SÆNG OG KODDI

**9.995**



**HØIE UNIQUE SÆNG OG KODDI**

Vönduð thermosæng fyllt með 2 x 600 gr. af holtrefjum. Stærð: 140 x 200 sm. Koddinn er fylltur með 500 gr. af holtrefjum. Stærð: 50 x 70 sm. Sængurtaska fylgir. Vnr. 4117000



**KÓSÝGALLAR**

VERÐ FRÁ:

**5.995**

**KÓSÝGALLAR**

Flottir kósýgallar á frábæru verði! Fást í 6 gerðum. Barnstærðir: 105 og 125 sm. **5.995** Fullorðinsstærðir: S/M og L/XL **6.995** Vnr. 550-51082, 550-5110, 550-5112



Sparið  
**4000**

FULLT VERÐ: **14.950**

**10.950**

**BILLUM SKRIFBORÐSSTÓLL**

Á krómfæti með stillanlegu baki og setu. Þverband í baki. Hægt að rugga. Litur: Svartur. Vnr. 3620021



**KRONBORG**  
OF DENMARK  
**PLUS**

**35%**  
afsláttur

**BÓMULLARSATÍN**

FULLT VERÐ: **3.995**

**2.595**

**JUDITH SÆNGURVERASETT**

Efni: 100% bómmullarsatín. St. 140 x 200 sm. og 50 x 70 sm. Lokað með tölum. Vnr. 1316880



**33%**  
afsláttur

**BRU MYRKVUNAR-GARDÍNUR**  
1 vængur í pakka. Stærð: 140 x 175 sm. Vnr. 5023040

1 VÆNGUR FULLT VERÐ: **2.995**

**1.995**



Allar luktir og kertastjakar

**20%**  
afsláttur



**30%**  
afsláttur

NÚ VERÐ FRÁ:

**485**

**BREEZE HANDKLÆÐI**

Mjúk og þægileg handklæði. Efni: 100% bómmullarfrotté. Fáanleg í nokkrum fallegum litum. Stærðir: 50 x 90 sm. **695** nú **485** 65 x 130 sm. **1.495** nú **1.045** Vnr. 43003007

## RÚM+SÆNG/KODDI+LAK+SÆNGURVERASETT

### FRÁBÆRT FERMINGARTILBOÐ!

blu sky



DÝNA  
120 X 200 SM.  
**69.950**

Sparið  
**32.000**  
krónur



SÆNG OG  
KODDI  
**9.995**



LAK  
**2.995**



SÆNGUR-  
VERASETT  
**3.995**



**BLUE SKY RÚM 120 X 200 SM. + HØIE UNIQUE SÆNG OG KODDI + KRONBORG TEYGJULAK + PAULA EÐA ELISSA SÆNGURVERASETT**  
Góð dýna St. 120 x 200 sm. Vönduð thermosæng fyllt með 2 x 600 gr. af holtrefjum. Gott teygjulak úr 100% bómmull. ELISSA sængurverasett: 100% bómmullarsatín. PAULA sængurverasett: 100% bómmull. St. 140 x 200 sm. og koddaver 50 x 70 sm. Vnr. 880000633, 4117000, 1416101, 1279580, 1308680, 1308680, 1279580

**RÚMFATA  
LAGERINN**  
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

GILDIR 22.03 - 28.03

**VALTOR** | **VISA**  
KORTALAN  
ALLT AD 36 MÁNUÐIR

Netgíró

**PLUS**

ALLUR PAKKINN FULLT VERÐ: **86.935**

**54.935**

# Stórátak til að stytta bið sjúklinga eftir brýnum aðgerðum hefst í ár

**HEILBRIGÐISMÁL** Skipulagt áttak til að stytta bið sjúklinga eftir brýnum aðgerðum hefst í ár og stendur til 2018. Til þess verður varið 1,7 milljörðum króna úr ríkissjóði. Samið er við Landspítalann, Sjúkrahúsið á Akureyri, Heilbrigðisstofnun Vesturlands og fyrirtækið Sjónlag hf.

Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra undirritaði í gær samninga við heilbrigðisstofnanirnar um átakið. 2016 verður ráðist í að stytta til muna bið eftir liðskiptaaðgerðum

sem verður fjölgað um 530, hjartaþræðingum sem verður fjölgað um 50 og augasteinsaðgerðum sem verða 2.890 fleiri.

Markmiðið til lengri tíma er að hámarksbið eftir aðgerð verði aldrei lengri en 90 dagar. Á grundvelli upplýsinga frá landlækni um fjölgun á biðlistum lagði heilbrigðisráðherra fyrir ríkisstjórn áætlun um úrbætur. Byggt var á tillögum landlækni þar sem horft var til biðtíma og áhættu sem leiðir af bið eftir aðgerð.

Embætti landlækni hefur verið falið að efla umgjörð um biðlista þannig að ávallt liggja fyrir upplýsingar um biðtíma og fjölda þeirra sem biða, í staðinn fyrir á þriggja mánaða fresti.

Heilbrigðisstofnanirnar í áttakinu skuldbinda sig til að ná sem bestum árangri við að stytta biðtíma eftir öllum aðgerðum. Ef fyrirséð er að ekki náist að framkvæma umsamin fjölda aðgerða getur ráðuneytið endurúthlutað fé svo ná megi markmiðum átaksins. – shá



Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra og forstjóðumenn heilbrigðisstofnana og fyrirtækja undirritaðu samninginn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA



Skipuleggja á 1,3 ferkílómetra í Gufunesi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Samkeppni um Gufunessvæði

**SKIPULAGSMÁL** Reykjavíkurborg auglýsir nú eftir þátttakendum í forval fyrir hugmyndasamkeppni um skipulag Gufunessvæðisins.

„Skipulag svæðisins hefur lengi verið órátt og miklar umræður hafa verið um framtíðarþróun þess,“ segir í tilkynningu frá borginni. „Þátttakendum er ætlað að koma með áhugaverðar og spennandi tillögur um blandaða byggð sem innifela í sér skrifstofur, íbúðir og þjónustu ásamt opnum almenningsrymum og góðum samgöngum. Þeim er einnig uppálagt að skoða möguleikana og að nýta sóknarfærni sem myndast með öflugum kvikmyndaveri á svæðinu. – gar

## Heilsa kvenna lakari en karla

**BANDARÍKIN** Konur lifa að meðaltali lengur en karlar. Þær búa hins vegar við verri heilsu á efri árum en karlarnir. Þetta sýna niðurstöður rannsóknar á öldruðum Bandaríkjamönnum sem greint er frá í ritinu American Journal of Public Health.

Konur eru nú 57 prósent allra Bandaríkjamanna eldri en 65 ára. Þær eru 68 prósent þeirra sem þurfa daglega aðstoð. Að mati vísindamanna má draga þá ályktun að 85 ára karl geti vænst þess að lifa í fjögur ár við tiltölulega góða heilsu en kona á sama aldri aðeins tvö og hálf ár. – íbs

# Jafngildir verkleysi í heil tvö ár

Samdráttur Reykjavíkur í vegabótum á fimm ára tímabili jafngildir því að ekkert hafi verið gert í tvö ár – miðað við meðalár. Sveitarfélög meta stöðuna. Vegagerðin segir ekkert í hendi um viðbótarfjármagn til framkvæmda.

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Samdráttur í vegabótum Reykjavíkurborgar á fimm árum frá 2010 til 2014 jafngildir því að ekkert hafi verið framkvæmt í tvö ár eftir hrun miðað við framkvæmdir á jafn löngu tímabili árin fyrir hrun.

Undanfarnar vikur hefur, líkt og á sama tíma í fyrra, verið fjallað um slæmt ástand og slit á gatnakerfi á höfuðborgarsvæðinu.

Eins og Fréttablaðið greindi frá 9. mars varð þetta tilefni til þess að Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) lögðu til áttak í viðhaldi og endurnýjun gatnakerfisins með aðkomu Vegagerðarinnar.

Átakið fælist í sameiginlegri greiningu á ástandi, tillögum að framkvæmdaáætlun til næstu ára, samantekt rannsókna og annarra gagna um ástæður núverandi stöðu, malbikun og annað sem verkefninu viðkæmi og tillögugerð og umfjöllun um fjármögnun þess sem gera þyrfti.

Efnislegri afgreiðslu aðildarsveitarfélaganna virðist ekki lokið, en hvatt var til þess að henni lyki eins fljótt og auðið er svo hefjast mætti handa í síðasta lagi 1. maí við að meta ástandið.

Fjölmargar ástæður eru nefndar fyrir hinu bágborna ástandi. Tvær þær helstu eru óhagstætt veður og ekki síður að nauðsynlegt var að draga úr framkvæmdum í hámarki kreppunnar, en hrúnið hafði ekki sist mikil áhrif á fjárhag sveitarfélaga. Einnig er bent á samhengi þessara þátta – veður var óhagstætt á allra verstá tíma í ljósi samdráttar í viðhaldi.

Tölfræði borgarinnar yfir malbiksframkvæmdir á tímabilinu 2004 til 2016 sýnir að á fimm árum, 2004 til 2008, var endurnýjun slitlags 83,2 kílómetrar – eða 16,6 kílómetrar að jafnaði á ári. Á þessu ári og í fyrra er einmitt lagt á 16,4 og 16,8 kílómetra.

Á jafn löngu tímabili árin 2010 til 2014 var endurnýjun slitlaga 52,7 kílómetrar, eða 30,5 kílómetrum



Rúm 14 þúsund tonn af malbiki fara á götur Reykjavíkur í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

minna en í eðlilegu árferði. Því má segja að vegna sparnaðar hafi ekkert verið framkvæmt sem jafngildir framkvæmdum tveggja ára.

Reykjavíkurborg ætlar í sumar að malbika sautján kílómetra af þeim 420 kílómetrum gatnakerfisins sem heyrir undir hana. Ekki liggur fyrir hjá Vegagerðinni hversu umfangsmiklar endurbætur verða á þeim 100 kílómetrum af stofnbrautum innan borgarmarkanna sem eru á hennar forræði, en líklega verður minna fé varið til endurbóta en í fyrra þegar aukafjárveiting kom til. Eftir því sem næst verður komist verða það rúmlega 400 milljónir króna í ár á móti rúmlega 770 milljónum í fyrra.

Í svari til Fréttablaðsins segir Vegagerðin að „það væri vissulega æskilegt að fá auknið fé í viðgerðir á þjóðvegum á höfuðborgarsvæðinu og viðhald þeirra, en það er ekkert í hendi varðandi það“. svavar@frettabladid.is

710

milljónum ver borgin til framkvæmda í sumar.

16,8

kílómetrar verða malbikaðir, eða 125.000 fermetrar.

420


kílómetrar eru á ábyrgð borgarinnar.

100

kílómetrar af stofnbrautum eru á ábyrgð ríkisins.

## Malbiksframkvæmdir í Reykjavík 2004 til 2016

Endurnýjun slitlags í kílómetrum á ári



## PÁSKAPRENNNA

ÚR DÖLUNUM

Úrval af mildum og ómótstæðilegum ostum á veisluborðið. Dala-Auður, Dala-Kastali og Dala-Camembert fullkomna veisluna.





7 ára ábyrgð á öllum  
nýjum Kia bílum

www.kia.com

# Farðu alla leið – rafmagnaður lúxus



Brandenburg

Ný sending komin



The Power to Surprise

## Reynsluaktu vel útbúnum Kia Soul EV Luxury

Vorið er rétt handan við hornið og ekki langt í að fólk fari að huga að stuttum ferðum út úr bænum. Því kynnum við rafmagnaðan og vel útbúinn Kia Soul EV **Luxury** sem kemur þér og þínum á leiðarenda — yfir 212 km drægni við kjöraðstæður. Hann er flottur, lipur og státar m.a. af leðuráklæði, bakkmyndavél og íslensku leiðsögukerfi.

### Helsti staðalbúnaður

- Íslenskt leiðsögukerfi
- Leðuráklæði
- Bakkmyndavél og 8" snertiskjár
- Lyklalaust aðgengi
- LED ljós að framan og aftan
- Fjarlægðarskynjarar að framan og aftan
- Hiti í öllum sætum
- Kæling í framsætum
- Hiti í stýri
- Handfrjáls búnaður (Bluetooth)
- Hraðastillir (Cruise Control)
- Og ótal margt fleira...

Kia Soul EV rafbíll bíður þín í Öskju. Komdu og prófaðu.

Verð **4.490.777 kr.**

Útborgun aðeins 10% eða **449.077 kr.**

Kia Soul EV Luxury — rafbíll, sjálfskiptur.



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is  
Viðurkenndur sölur- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.



Fylgdu okkur á Facebook.  
facebook.com/kiamotorsisland



Saksóknari frá París og aðalsaksóknari Belgíu í Brussel í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Leita fleiri vitorðsmanna

**BELGÍA** Yfirheyrslur yfir Saleh Abdeslam hafa skilað lögreglunni í Belgíu töluvert skýrari mynd af aðdraganda og framkvæmd árássanna í París í nóvember síðastliðnum.

Fleiri vitorðsmanna er nú leitað. Árásirnar kostuðu 130 manns lífið þann 13. nóvember. Hátt á fjórða hundrad manns að auki særðust.

Abdeslam hefur meðal annars staðfest að hann hafi ætlað að sprengja sig í loft upp fyrir utan íþróttaleikvanginn Stade de France í París í nóvember, en hætt við á síðustu stundu.

Abdeslam var handtekinn í Belgíu á föstudaginn, en hann komst undan eftir árásina í París. Frönsk yfirvöld óska eftir því að hann verði framseldur hið fyrsta.

Meðal annars hafa yfirvöld komist að því að einn vitorðsmaður hans sé Laachroui Najim, sem nú er eftirlýstur.

Þá er komið í ljós að þriðji vitorðsmaðurinn, sem var með þeim Abdeslam og Najim á ferð í bifreið í Ungverjalandi þann 9. september síðastliðinn, hafi heitið Mohamed Belkaid, en hann lést á þriðjudaginn í áhlaupi lögreglunnar í Belgíu. –gb

## Sprenging í Svíþjóð



Þeir voru seinheppnir, bankaræningjarnir í Svíþjóð, sem í gær sprengdu í loft upp heila húsgagnaverslun í tilraun sinni til að ræna hraðbanka. Mennirnir misreiknuðu sig þegar þeir áætluðu sprengiefnið og því fór sem fór. Það fylgir ekki sögunni hvort þeir höfðu eitthvað upp úr krafsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



## ÁRSFUNDUR 2016

Ársfundur Almenna lífeyrissjóðsins verður haldinn fimmtudaginn 7. apríl 2016 á Icelandair Hótel Reykjavík Natura kl. 17:15.

### Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningur 2015 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs
3. Kynning á fjárfestingarstefnu
4. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
5. Kosning stjórnar
6. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags
7. Ákvörðun um laun stjórnar
8. Önnur mál

- Hæsta raunávöxtun 2015: 6,5%
- Heildareignir: 174 milljarðar
- 41 þúsund sjóðfélagar

- 1/3 lágmarksiðgjalds í séreign
- Sex ávöxtunarleiðir í boði
- Eingöngu sjóðfélagar í stjórn

Vakin er athygli á því að framboðum til stjórnar (aðalmenn) skal skila viku fyrir ársfund sjóðsins. Framboðsfrestur til stjórnar rennur út þann 31. mars 2016 kl. 24:00.

Hægt er að senda inn framboð á netfangið [almenni@almenni.is](mailto:almenni@almenni.is).

Ársreikningur sjóðsins, nánari upplýsingar um ársfundinn og tillögur um breytingar á samþykktum eru á heimasíðu sjóðsins, [www.almenni.is](http://www.almenni.is).

Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta  
Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra skipaði ráðgjafarhóp um afnám hafta. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Gæti hafa verið vanhæfur

**STJÓRNSÝSLA** Eiríkur Elís Þorláksson, lektor við lagadeild Háskólans í Reykjavík, telur aðkomu Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra að afnámi fjármagnshafta, án þess að upplýsa um hagsmunatengsl sín, ekki vera í samræmi við góða stjórnsýsluhætti.

Félagið Wintris Inc. í eigu Önnu Sigurlaugar Pálsdóttur, eiginkonu Sigmundar, lýsti kröfum að fjárhæð um 500 milljónir króna í protabú föllnu bankanna.

Eiríkur segir ráðherra bundna af hæfisreglum stjórnsýsluréttarins er þeir fara með framkvæmdarvald.

„Þannig gilda hæfisreglur stjórnsýslulaga þegar teknar eru stjórnsýsluákvæðanir og óskráðar meginreglur stjórnsýsluréttar við meðferð mála almennt. Efeiginkona ráðherra átti fjárhagslegra hagsmuna að gæta við lagasetninguna, eins og hún hefur upplýst að hún átti, þá vakna spurningar um hæfi ráðherrans til þess að taka þátt í málinu yfirhöfuð,“ segir Eiríkur. Lykilatriði sé hins vegar hvort hagsmunirnir séu slíkir að það valdi vanhæfi til meðferðar málsins.

„Ef hann hefur haft með ákvarðanir um málið að gera sem forsætisráðherra, til dæmis skipað í ráðgjafarhóp og eftir atvikum fleiri nefndir sem áttu að vinna að undirbúningi lagasetningar um afnám hafta, stöðugleikaskatt og fleira, þá kann það að öðrum skilyrðum fullnægðum að vera í andstöðu við stjórnsýslulögin og þessar óskráðu reglur,“ segir hann. Sigmundur hafði margvíslega

aðkomu að vinnu stjórnvalda við afnám hafta. Hann skipaði til að mynda ráðgjafarhóp um afnám hafta 27. nóvember 2013. Ákvörðun um skipun hópsins var tekin 18. október 2013 af ráðherranefnd um efnahagsmál, sem er skipuð Sigmundi og Bjarna Benediktssyni, fjármála- og efnahagsráðherra.

Á sama fundi var ákveðið að stýri- nefnd um afnám hafta myndi stýra vinnu stjórnvalda um afnám hafta og að Bjarni yrði nefndarformaður. Auk þess skyldi forsætisráðuneytið tilefna tvo fulltrúa, fjármála- og efnahagsráðuneytið einn og Seðlabankinn einn. Í nefndinni sátu ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins og Benedikt Árnason, efnahagsráðgjafi Sigmundar.

Einnig kom fram í kynningu stjórnvalda á aðgerðaáætlun til losunar hafta síðasta sumar að ráðherranefndin hefði samþykkt þau stöðugleikaskilyrði sem slitabúin þyrftu að uppfylla til að komast hjá 39 prósentu stöðugleikaskatti.

Eiríkur bendir á að vegna stjórnskipulegrar stöðu ráðherra megi almennt játa ráðherra svigrúm til að skipa í nefndinni á hans vegum til að útfæra pólitíska stefnu hans.

„Hitt er annað að þetta svigrúm ráðherra gildir ekki endilega um önnur atriði og því geta fjárhagslegir hagsmunir leitt til vanhæfis hans. Ef hann teldist vanhæfur, ætti hann ekki að koma að málinu sem framkvæmdarvaldshafi,“ segir Eiríkur. [ingvar@frettabladid.is](mailto:ingvar@frettabladid.is)



# Stundum hógvær, stundum ögrandi. En alltaf Golf.



Volkswagen Golf hefur verið einn vinsælasti bíll á Íslandi í mörg ár og ekki að ástæðulausu. Hann er glæsilegur í alla staði, rúmgóður, öruggur og á frábæru verði. Komdu í reynsluakstur og finndu út hvaða Golf þér líkar best.

## Trendline

verð frá 3.090.000 kr.

- Nálgunarvarar að aftan og framan
- Þokuljós með beygjulýsingu í framstuðrum
- Rafmagnshitaðir og stillanlegir hliðarspeglar
- Leðurklætt aðgerðastýri
- Hæðarstillanlegt framsæti
- Hiti í sætum
- Rafdrifnar rúður
- Loftkæling
- App Connect fyrir Mirror Link, Android Auto og Apple Car Play
- Composition Media margmiðlunartæki með 6,5" snertiskjá
- Bluetooth búnaður fyrir síma

## Comfortline

verð frá 3.590.000 kr.

### Útbúnaður umfram Trendline:

- Bakkmyndavél
- Hraðastillir (Cruise Control)
- Hiti í stýri
- Dökkar rúður að aftan
- Comfort sæti með „Dessin Storm“ áklæði
- Viðvörðunarkerfi ökumanns
- Skíðalúga í aftursætum með 2 glasahöldurum
- 15" Lyon álfelgur 195/65 R15

## Highline

verð frá 3.890.000 kr.

### Útbúnaður umfram Comfortline:

- Sportsæti með Alcantara áklæði
- Stemningslýsing í innra rými
- Sjálfvirkur birtudeyfir í baksýnispegli
- Tveggja svæða loftkæling
- Ljós- og regnskynjari
- „Piano Black“ innlegg í innréttingu
- Króm í neðra grilli
- Lyklalaust aðgengi og ræsing
- Sóllúga
- 16" Dover álfelgur 205/55 R16

## R-Line

verð 4.030.000 kr.

### Útbúnaður umfram Comfortline:

- Sportsæti
- Stemningslýsing í innra rými
- Sjálfvirkur birtudeyfir í baksýnispegli
- Tveggja svæða loftkæling
- Ljós- og regnskynjari
- Sóllúga
- Xenon ljós með LED dagljósum
- R-Line útlit
- 17" Dijon álfelgur með sportfjöðrun 225/45 R17



Volkswagen



# Milljón gæti misst vinnuna

Ef Bretland yfirgefur Evrópusambandið gæti atvinnuleysi aukist, hagvöxtur dregist saman og gengi pundsins lækkað. Mikil óvissa ríkir hins vegar um áhrifin þar sem ekkert land hefur áður yfirgefið ESB.

**BRETLAND** Samkvæmt nýrri rannsókn viðskiptahóps breska iðnaðarsambandsins, CBI, gæti útganga Breta úr Evrópusambandinu, svokallað „Brexit“, kostað ríkið um 100 milljarða breskra punda, eða 18.000 milljarða íslenskra króna, atvinnuleysi gæti aukist í kjölfarið, allt að 950 þúsund misst vinnuna og hagvöxtur dregist saman.

Stuðningsmenn útgöngu telja hins vegar að mikill efnahagslegur ávinningur sé af útgöngu þar sem markaðir geta verið frjálssari þegar þeir þurfa ekki að lúta hörðum reglugerðum Evrópusambandsins.

Skriptar skoðanir eru um ágæti þess að Bretland yfirgefi Evrópusambandið. Samkvæmt könnun The Financial Times sem náði til rúmlega hundrað hagfræðinga töldu hins vegar yfir þrjú fjórðu að útgangan hefði neikvæð efnahagsleg áhrif, einungis átta prósent töldu hana hafa góð áhrif.

Erfitt er þó að fullröða um áhrifin í ljósi þess að ekkert land hefur áður yfirgefið Evrópusambandið og því ríkir gríðarleg óvissa um áhrifin.

Tilkynnt var í lok febrúar að kosid yrði um málefnið þann 23. júní næstkomandi.

Talsmenn útgöngu telja að með því

## 1,3%

**lækkun varð á gengi pundsins gagnvart dollara eftir að tilkynnt var um kosningarnar.**

að geta endursamið út frá eigin forsendum, bæði við lönd innan ESB og utan þess, gæti Bretland komið á fót betri fríverslunarsamningum og því myndi aukin hagsæld ríkja á fjármála- mörkuðum. Þeir sem eru andsnúnir útgöngu benda hins vegar á að fjárfestar gætu haft minni áhuga á breskum markaði ef hann veitti ekki einnig aðgang að Evrópusambandsmarkaði.

Ein meginástæða þess að margir eru andsnúnir aðild er hversu dýr þátttakan getur verið. Beinn kostnaður Breta vegna aðildar árið 2014 nam 8,5 milljörðum punda, jafnvirði 1.500 milljarða íslenskra króna.

Tilkynningin um kosningarnar hefur nú þegar valdið ólgu í Bretlandi. Dreigið hefur úr fjárfestingaráformum innan Bretlands og gengi hlutabréfa og pundsins hefur lækkað (líkt og



## Helstu efnahagslegu rök með og á móti aðild Breta að ESB

### Rök með ESB

- Þörf á að endursemjum um viðskiptasamninga við öll ESB-lönd og mörg utan ESB
- Einhverjir framleiðendur hafa hótad að færa starfsemi sína ef af útgöngu úr ESB verður
- Fram að kosningum mun fjárfesting í innviðum líklega dragast saman
- Erlendir fjárfestar gætu hætt að lána til Bretlands til skamms tíma
- Færri aðfluttir gæti þýtt mannekla í ýmsum geirum sem dregur úr hagvexti
- Spá CBI: 2-3% meira atvinnuleysi eftir útgöngu
- Ef Bretland yrði hluti af EES gæti það ekki takmarkað fjölda aðfluttra frá ESB
- Spá CBI: Útganga gæti kostað breska hagkerfið 100 milljarða punda til 2020
- Spá CBI: 3% minni hagvöxtur fyrir árið 2020
- Verg landsframleiðsla á hvert heimili gæti orðið 2.100 til 3.700 pundum lægri
- Bretland þyrfti að lúta reglum ESB en hefði engin áhrif á setningu þeirra
- Bresk fyrirtæki myndu missa 'vegabréf' sitt til að starfa á ESB-mörkuðum
- Bretland gæti tekið þátt í að móta stefnuna innan ESB
- Hlutabréfamarkaðir hafa verið sveiflukenndir fyrir kosningarnar
- Ef hagvöxtur dregst saman í kjölfar útgöngu gæti hlutabréfaverð lækkað
- Gengi pundsins gæti lækkað

### Rök á móti ESB

- Beinn kostnaður Breta við þátttöku í ESB nemur 8,5 milljörðum punda
- Beinn kostnaður gæti aukist á næstu árum
- Ef evran verður mikilvægari verður erfiðara fyrir Bretland að vera innan ESB
- Mikilvægi ESB-markaða fer minnkandi, Bretar eru að herja á markaði utan ESB
- Til lengri tíma litið mun Bretland hagnast meira þegar það þarf ekki að lúta reglum ESB sem hefta viðskiptafrelsi
- Hægt væri að gera góða fríverslunarsamninga eftir útgöngu úr ESB
- Færri aðfluttir þýðir fleiri störf í boði fyrir Breta
- Of mikill innflutningur starfsfólks gæti lækkað laun
- Með útgöngu gætu bresk fyrirtæki valið hámenntað og sérhæft starfsfólk
- Bresk fyrirtæki eru alltaf að berjast gegn reglugerðum ESB sem takmarka viðskiptafrelsi í London
- London væri áfram jafn spennandi fjármálamarkaður og borgin var eftir upptöku evru



Heimildir: HSBC, Financial Times, Business Insider, The Week, The Guardian

gerðist í aðdraganda sjálfstæðiskosninga í Skotlandi árið 2014).

CBI spáir því að útgöngu muni fylgja 2-3 prósentum meira atvinnuleysi.

Stuðningsmenn útgöngu benda hins vegar á að ef færri aðfluttir setjast

á í Bretlandi gætu laun hækkað og störfum í boði fyrir Breta fjölgað. Auk þess gætu bresk fyrirtæki þá handvalið erlenda starfsmenn eftir sérfræðipökkingu.

Samkvæmt nýjustu könnunum

skiptast atkvæðin með eða á móti útgöngu Bretlands jafnt. Aftur á móti hafa tuttugu prósent landsmanna ekki gert upp hug sinn varðandi kosningarnar, samkvæmt heimildum AFP. [saeunn@frettabladid.is](mailto:saeunn@frettabladid.is)



# NÝR VINNUHESTUR FRÁ ISUZU

## VERÐ 5.790.000 BEINSKIPTUR, 6 GÍRA

**NÝTT MEIRI DRÁTTARGETA**

**3500KG**

**100**  
HISTORIC YEARS  
Founded 1916  
**ISUZU**

**ISUZU D-MAX ER EINN HAGKVÆMASTI OG STERKASTI PALLBÍLL SEM UM GETUR**  
**EYÐSLA AÐEINS 7,4 l/100 km\***

Það þarf ekki að segja þeim sem til þekkjá neitt um endingu og áreiðanleika Isuzu D-Max. D-Max pallbíllarnir eru hagkvæmir og áreiðanlegir í rekstri vegna lágrar bilanatíðni og lítillar eldsneytiseyðslu. Isuzu D-Max er í sérflokkki hvað varðar dráttargetu því hann getur dregið allt að 3500 kg.

GE bílar  
Reykjanesbæ  
www.gebilar.is  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bva.is  
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080

BL söluumboð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is

**B|L**

# VELDU GÆÐI OG FERSKLEIKA



Calinda  
jarðarber  
250 gr og 400 gr



# Opinskár fundur á Kúbu

Barack Obama Bandaríkjaforseti ræddi mannréttindamál við Raul Castro, forseta Kúbu, í gær. Meirihluti Bandaríkjamanna styður bætt samskipti ríkjanna.

Guðsteinn Bjarnason  
gudsteinn@frettabladid.is

**KÚBA** Mannréttindamál voru meðal þess sem Barack Obama Bandaríkjaforseti ræddi við Raul Castro Kúbuforseta þegar þeir hittust í Havana á Kúbu í gær. Obama kom þangað í opinbera heimsókn á sunnudag en heldur aftur heim til Bandaríkjanna síðar í dag.

Þeir Castro og Obama ræddu saman á löngum fundi í Byltingarhöllinni í Havana. Að loknum fundinum sagðist Obama fagna því að Castro hafi einnig gagnrýnt mannréttindamál í Bandaríkjunum, fátækt og aukinn ójöfnuð: „Við fögnum því að hafa átt þessar uppbyggilegu samræður, því við trúum því að við getum dregið af því lærdóm og bætt líf þjóða okkar.“

Meðal annars ræddu þeir um aukin viðskipti milli landanna. Bandarísk stórfyrirtæki eru mörg hver á fjáð í að stofna til viðskipta á Kúbu. Obama skýrði meðal annars frá því að tæknirísinn Google hefði gert samninga um að efla mjög netsamband á Kúbu, en netþjónusta hefur verið þar af skornum skammti.

„Það væri hægt að gera svo miklu meira ef viðskiptabanni Bandaríkjanna væri aflétt,“ sagði Castro á sameiginlegum blaðamannafundi þeirra. Viðskiptabannið hefur átt



Raul Castro Kúbuforseti og Barack Obama Bandaríkjaforseti í Byltingarhöllinni í Havana. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA AV

**62%**  
Bandaríkjamanna styðja það að Bandaríkin og Kúba taki upp stjórnáttatengsl.

stóran þátt í að halda niðri efnahagslífi Kúbu áratugum saman.

Í dag hyggst Obama svo ávarpa kúbversku þjóðina beint í gamla þjóðleikhúsinu í Havana, glæsi-byggingu sem notuð er undir listviðburði af ýmsu tagi.

Þetta er í þriðja sinn sem þeir Castro og Obama hittast frá því í desember 2014, þegar þeir skýrðu frá því að stjórnáttatengsl yrðu tekin upp á milli landanna.

Samkvæmt nýrri skoðanakönnun, sem dagblaðið The New York Times birti í gær, eru 62 prósent Bandaríkjamanna ánægð með að Kúba og Bandaríkin taki upp stjórnáttatengsl. Einungis 40 prósent Bandaríkjamanna telja hins vegar líklegt að þetta verði til þess að Kúbverjar taki upp lýðræðislegt stjórnarfar.

Þá eru nærri 60 prósent fylgjandi því að Bandaríkin láti af refsiaðgerðum sínum gegn Kúbu.

Obama hefur hvatt Bandaríkjaþing til þess að hætta viðskiptaþvingunum gegn Kúbu, en repúblikanar hafa þar þingmeirihluta og þykja ólíklegir til að verða við þeirri ósk.

Bandarískir og kúbverskir ráðamenn hafa einnig notað þessa heimsókn til þess að vinna að friðarsamningum milli stjórnvalda í Kólumbíu og FARC-skæruliðanna, sem hafa áratugum saman barist þar gegn stjórninni.

## Bandaríkin og Kúba

**1898 hefja Bandaríkin stríð gegn Spáni** eftir að bandaríska herskipinu Maine er sökkt í höfninni í Havana á Kúbu, sem er undir spænskri stjórn. Stríðinu lýkur með sigri Bandaríkjanna, og Kúba verður sjálfstætt ríki.

**1903 semja Bandaríkin við Kúbu-stjórn** um leigu á 117 ferkílómetra landsvæði undir herstöð við Guantanamoflóa, þar sem bandarísk herinn hafði bækistöðvar í stríðinu 1898.

**1928 kemur bandarískur forseti síðast í heimsókn til Kúbu.** Það er Calvin Coolidge.



**1959 gera Fidel Castro og félagar hans stjórnarbyltingu á Kúbu** eftir sex ára baráttu, með mislögum hléum.

**1960 eru öll bandarísk fyrirtæki á Kúbu þjóðnytt.** Kúba tekur upp stjórnáttasamband við Sovétríkin. Í kjölfarið slíta Bandaríkin stjórnáttasambandi sínu við Kúbu og setja á viðskiptahindranir. Bandaríkin hafa þó haldið áfram að hafa herstöð við Guantanamoflóa og hafa sent til Kúbu á hverju ári ávisun upp á rúmlega fjögur þúsund dali í leigu, en það nemur um það bil hálfri milljón króna. Kúbustjórn hefur samt ekki litið við þessu fé.

**1961 styðja Bandaríkin misheppnaða innrás kúbverskra útлага á Svínafloa á Kúbu.** Næstu árin reynir bandaríska leyniþjónustan CIA, með heimild frá John F. Kennedy forseta, að minnsta kosti fimm sinnum að ráða Castro af dögum.

**1962 hafa Sovétríkin í hyggju að setja upp kjarnorkuflugskipti á Kúbu** í samráði við stjórn Castros. Bandaríkin hóta stríði og Sovétríkin hætta við að flytja flugskeytin til Kúbu, gegn því að Bandaríkin fari með sín flugskeyti frá Tyrklandi.

**1980 nota um 125 þúsund Kúbverjar tækifærið og flytja til Bandaríkjanna,** þegar Kúba slakar tímabundið á ferðahömlum. Margir þeirra eru fyrrverandi fangar.

**1982 setja Bandaríkin Kúbu á lista** yfir ríki sem styðja hryðjuverk.

**1993 herða Bandaríkin** viðskiptahindranir sínar gegn Kúbu.

**1996 ákveða Bandaríkin** að viðskiptahindranirnar verði varanlegar.



**2002 taka Bandaríkin í notkun fangabúðir** fyrir grunaða hryðjuverkamenn á herstöð sinni við Guantanamoflóa.

**2006 veikist Fidel Castro** og lætur bróður sínum, Raul, eftir stjórn landsins.

**2008 tekur Raul Castro formlega við forsetaembætti á Kúbu.** Barack Obama er kosinn forseti Bandaríkjanna.



**2009 léttir Obama að hluta hömlum af ferðalögum** og peningagreiðslum til Kúbu.

**2012 heimilar Kúbustjórn** landsmönnum að ferðast til annarra landa.

**2014 semja Obama og Raul Castro** um að taka upp stjórnáttatengsl milli ríkjanna.

**2015 Bandaríkin taka Kúbu af lista** yfir ríki sem styðja hryðjuverkamenn.

ASA HÁLSMEN  
9.700 kr.



ASA HRINGUR  
9.700 kr.

ASA LOKKAR  
9.800 kr.



Fallegar  
fermingar-  
gjafir  
– fyrir stelpur



Fossil Riley  
30.800 kr.



Skagen Ditte  
36.100 kr.



Daniel Wellington  
Sheffield  
Frá 23.500 kr.



Casio Retro  
12.000 kr.

Kíktu á úrvalið  
í vefversluninni á  
[michelsen.is/fermingar](http://michelsen.is/fermingar)

M  
MICHELSEN  
ÚRSMÍÐIR

Laugavegi 15 og Kringlunni  
Sími 511 1900 - [www.michelsen.is](http://www.michelsen.is)

# MAMMA MIA!

## Dansnámskeið fyrir fullorðna

Kennarar: Lee Proud og Chantelle Carey

Þriggja daga dansnámskeið með danshöfundi og aðstoðardanshöfundi sýningarinnar MAMMA MIA! Kennð verða dansspor úr sýningunni.

Námskeiðið er ætlað 20 ára (og eldri) og verður haldið 7., 8. og 14. maí 2016, 2 klst. í senn.

**6 klst. dansnámskeið og miði á sýninguna MAMMA MIA! þann 14. maí.**

Skráning fer fram hjá miðasölu Borgarleikhússins í síma 568-8000 eða með því að senda tölvupóst á [midasala@borgarleikhus.is](mailto:midasala@borgarleikhus.is)

Allar frekari upplýsingar má nálgast með því að senda tölvupóst á [mammamia@borgarleikhus.is](mailto:mammamia@borgarleikhus.is)

Námskeiðið er haldið í Borgarleikhúsinu  
Verð: 20.000 kr.

Miðasala | 568 8000 | [borgarleikhus.is](http://borgarleikhus.is)

# HOLI-HÁTÍÐ

## GLEÐI, LITIR OG DÁSAMLEGUR MATUR

Um þessar mundir halda Indverjar hina litríku Holi-hátíð. Austur-Indíafjlagið færir þér angan af gleðinni og litadýrðinni frá Indlandi frá 17. mars til 24. apríl með ríkulegum fimm rétta HOLI hátíðarmatseðli á frábæru verði: 5.990 kr. mán.-mið. og 6.990 kr. fim.- sun. *Lokað er föstudaginn langa og páskadag.*

Komdu og njóttu þess besta í indverskri matargerð.  
Tryggðu þér sæti núna í s. 552 1630.

### Fimm rétta HOLI hátíðarmatseðill

#### ❁ FORRÉTTUR ❁

##### Malabar Coconut Masala Prawn

Pönnusteiktar risarækjur með kókosflögum, karrýlaufum, sinnepsfræjum og túrmerik

#### ❁ ADALRÉTTIR ❁

##### Boti Kebab

Lambafillet marinerað í kúmmíni, engiferi og garam masala. Grillað í Tandoori-ofninum og

##### Murgh Khalmi Tikka

Kjúklingabringur marineraðar í kóríander, hvítlauk, grænu chillí, kasjúhnetum og kjúklingabaunum. Grillaðar í Tandoori-ofninum og

##### Aloo Dum Jeera

Hægeldaðar kartöflur í ljúfri sósu með tómotum, lauk, kasjúhnetum og kúmmíni

#### ❁ MEÐLÆTI ❁

Blanda af Naan-brauði, Raitha jóguurtsósa og Basmati-hrísgrjón

#### ❁ EFTIRRÉTTUR ❁

##### Halu Holige

Heimalagaður ís borinn fram á klatta með kókossósu Eftirlæti frá kaffiplantekrunum í Coorg á Suður-Indlandi.

5.990 kr. mán.-mið.

6.990 kr. fim.-sun.



## AUSTUR-INDÍAFJELAGIÐ

INDIAN RESTAURANT

[www.austurindia.is](http://www.austurindia.is)

❁ **Borðapantanir: s. 552 1630** Hverfisgötu 56 Opið: Sun - Fim 17:30 - 22:00 og Fös - Lau 17:30 - 23:00 ❁



## SKOÐUN

## Orðhákar



Kristín  
Þorsteinsdóttir  
kristin@frettabladid.is

Öll spjót standa á Sigmundi Davíð, forsætisráðherra, vegna upplýsinga um að eiginkona hans eigi fé í skattaskjöli og hafi verið kröfuhafi föllnu bankanna. Þetta er erfíð staða fyrir mann, sem í félagi við fjármálaráðherra, leiddi viðræður við kröfuhafa fyrir Íslands hönd.

Rætt er meðal þingmanna að lýsa vantrausti á forsætisráðherra. Ráðherrann fer með veggjum en gerir út sveit fótgönguliða til að kveða málið niður. Sveitin er stóryrt og ólíkleg til að lægja öldurnar. Þess í stað hellir hún olíu á eld þeirra innan þings og utan sem viðhalda helsjúkri pólitískri umræðu í landinu.

Þingmaðurinn Karl Garðarsson kennir lunganum úr fjölmiðlum um ófarirnar. Framsóknarflokkurinn sé „óvinur Ríkisútvarpsins númer eitt“ og allir álitsgjafar þar hafi horn í síðu flokksins. Svona málfutningur á meira skylt við atvinnurög en málefnalegt innlegg. Fólkíð sem þingmaðurinn atyrðir er flest að vinna sína vinnu.

Því miður er málfutningur hans ekkert einsdæmi – jafnvel frekar regla meðal óþægilega stórs hluta þingmanna. Forsætisráðherra stendur önnur leið til boða. Hún er sú og sú ein að koma fram sjálfur, og skýra mál sitt.

Það var í besta falli yfirsjón að upplýsa ekki um þessi atriði, sem sannarlega kunnu að hafa áhrif á hæfi hans til að vera í fararbroddi í viðræðum við erlenda kröfuhafa. Jafnvel má halda því fram að það hafi verið skylda. Samkvæmt síðareglum ráðherra ber þeim að upplýsa um hvers konar hagsmunaárekstra sem kunna að hafa áhrif á störf þeirra.

En niðurstaða samninga ríkisins við kröfuhafa var með þeim hætti að erfitt er að halda því fram að meintir hagsmunaárekstrar Sigmundar Davíðs hafi orðið honum fótakelfi. Íslenska ríkið gekk fram af hörku, og náði niðurstöðu sem fái létu sig dreyma um. Lee Bucheit, hinn þrautreyndi samningamaður, orðaði það svo að niðurstaðan væri einsdæmi í fjármálasögunni í samskiptum ríkisvalds og kröfuhafa.

Þess vegna er ómerkilegt að halda því fram að fjárhagsleg tengsl Sigmundar hafi haft áhrif á niðurstöðu viðræðna við kröfuhafa. En Sigmundur Davíð átti að upplýsa um þessa staðreynd áður en af stað var farið. Undan því getur hann ekki vikist.

Umræðan um þetta mál er einkennandi fyrir stjórnatíð Sigmundar Davíðs. Í stað þess að standa keikur og benda á afrekin sem við blasa lætur hann fótgönguliða standa í karpí um aukatriði. Svo vænir hann forvera sína í ríkisstjórn um óheilindi í tengslum við Icesave, sem var lærdómsferli fyrir alla. Svona aðferðir benda til að fjölmargir ráðgjafar í forsætisráðuneytinu standi ekki í stykkinu.

Sigmundur Davíð þarf að minna fólk á kosningaloforðin. Hann lofaði að leiðrétta skuldir fólks, og ná góðum samningum við kröfuhafana. Hvort tveggja hefur verið efnt meira eða minna. Hann ætti því að stíga fram og tala sínu máli, í stað þess að læðast með veggjum og láta pólitíska götustráka og -stelpur ganga erinda sinna.

Kjósendur eiga rétt á því að hann komi fram og skýri mál sitt.



Íslenska ríkið gekk fram af hörku, og náði niðurstöðu sem fái létu sig dreyma um.

## Halldór



## Frá degi til dags

## Óvinur nr. 1

Nokkrir þingmenn Framsóknarflokksins hafa risið upp og varið formann sinn ótullega vegna eigna eiginkonu hans á Bresku Jómfrúaejnum. Karl Garðarsson, fyrverandi ritstjóri, hjólar í Ríkisútvarpið fyrir umfjöllun þess um málið og segir að nú hafi stofnunin felt grimuna. „Óvinur nr. 1 er fundinn í Framsóknarfloknum,“ skrifar Karl í grein sinni. Innlend dagskrárgerð er blómleg um þessar mundir og það verður spennandi að sjá hvort RÚV ræðst í endurgerð á Hollywood-kvikmyndinni Enemy of the State. Kvikmyndin myndi heita Óvinur Ríkis (útvarpsins) og með hlutverk Wills Smith í íslensku útgáfunni færi Sigmundur Davíð Gunnlaugsson. Í hlutverki vonda karlsins væri Rakel Þorbergsdóttir, fréttastjóri RÚV. Óvænt illmenni sem fær hár íslensku þjóðarinnar til að rísa.

## Súkkulaðisveinn

Líkast til mun Sigmundur Davíð Gunnlaugsson biða af sér storminn (en ekki endilega hafna hlutverkinu enda fjölhæfur maður). Segja má að páskafrí þingsins hafi bjargað honum fyrir horn. Löskuð stjórnarandstaðan á auk þess fullt í fangi með sjálfa sig. Íslenskur almenningur mun brosa sællega um páska enda engin ástæða til að setja höft á súkkulaðiátið og nauðsynlegt að vega upp á móti gjaldeyrishöftum. Íslenski kúrinns eins og við þekkjum hann best. [snaeros@frettabladid.is](mailto:snaeros@frettabladid.is) [sveinn@frettabladid.is](mailto:sveinn@frettabladid.is)

## Vatn og vinna



Eiríkur  
Hjálmarsson  
upplýsingaful-  
trúi OR

Súmir segja að skoðunarferðir með ferðamenn séu í raun rútufurðir á milli klósetta. Það ber vissulega margt snorturt og áhugavert fyrir augu á leiðinni en grunnþörfunum verði að sinna. Vatn og vinna er yfirskrift alþjóðlegs vatnsdags Sam-einuðu þjóðanna nú í ár en hann er haldinn 22. mars ár hvert. Við erum hvött til að leiða hugann að því hvernig vatn snertir vinnuna okkar og þar sem vatnið er hrein og klár lífsnauðsyn ættum við ekki að þurfa að hugsa lengi. Þannig snertir aðgengi að rennandi vatni augljóslega starf leiðsögumansins og rútubíl-stjórans.

Við í Reykjavík notum talsvert af vatni. Þótt þessi mikli elexir sé vottaður sem matvæli, drekkum við kannski minnst af honum. Verulegt magn fer í þvotta, talsvert í að sturta niður, slatti í eldamennsku og svo stólar slökkviliðið á sama vatn og við súpum á. Heimilin í höfuðborginni nota hinsvegar bara helminginn af vatninu sem rennur um æðar vatnsveitu Veitna. Fyrirtæki og stofnanir þar sem við vinnum nota hinn helminginn.

Snemma á síðustu öld, þegar vatnsveita var loks lögð í Reykjavík, var hún forsenda framleiðslu á matvælum með öðrum hætti en fyrr. Fiskur var þveginn úr hreinu vatni, drykkjarvöruframleiðsla gat hafist og hægt var að þrifa mjólkurbúin. Á síðari árum sjáum við til dæmis lyfjafyrirtæki nota mikið vatn einmitt til að losna við þrif með kemískum efnum og vatnið er að mörgu leyti grundvöllur þess hreinlætis sem nauðsynlegt er til að meðalaldur þjóðarinnar sé samburðarhæfur. Nú er hann einn sá hæsti í heimi.

Þegar við sjáum Ísland auglóst sem hreint og tært vísar það vitaskuld til þeirrar hreinu orku sem við notum en kannski ennþá frekar til vatnsins. Þannig er hreint vatn hluti þeirrar ímyndar sem reynist ferðapjónustunni vel til að markaðssetja ferðalög til Íslands og er hreint vatn þar með ein undirstaða vinnu stöðugt fleiri landsmanna.

Svona auðlind þurfum við að fara vel með og við gætum best að ímyndinni með að passa upp á vatnsbólin, vatnsveiturnar og vatnið sjálft; árnar, vötnin og sjóinn og vatnið í jörðinni.



Við gætum best að ímyndinni með að passa upp á vatnsbólin, vatnsveiturnar og vatnið sjálft.

UP! MEÐ ÖRYGGIÐ



FOR SAFER CARS  
EURO NCAP  
www.euroncap.com  
★★★★★

VW Up! frá aðeins:  
1.790.000 kr.



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · [hekla.is](http://hekla.is)


# Fjármögnun heilbrigðisþjónustu – Frá hæstu útgjöldum á Norðurlöndum í lægstu!



Gunnar Alexander Ólafsson hagfræðingur

Ólafur Ólafsson læknir

## Útgjöld Norðurlanda til heilbrigðismála sem hlutfall af vergri landsframleiðslu



Í samstarfsfyrirlýsingu núverandi ríkisstjórnar segir m.a.: „Íslenskt heilbrigðiskerfi verður að vera samkeppnisfært við nágrannalönd um tækjakost, aðbúnað sjúklinga og aðstæður starfsmanna. Ríkisstjórnin leggur áherslu á að landsmenn njóti aðgengis að heilbrigðisþjónustu óháð búsetu.“

Síðan ríkisstjórnin tók við völdum hafa útgjöld til heilbrigðismála sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (VLF) ekki aukist, heldur staðið í stað m.v. síðasta ár ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur. Það er umhugsunarvert því staða ríkisfjármála er betri í dag en á síðasta kjörtímabili, þökk sé góðum efnahagsbata undanfarin ár vegna fjölgunar ferðamanna og makrílveiða.

Ef útgjöld til heilbrigðismála sem hlutfall af VLF á Íslandi eru borin saman við hin norrænu ríkin kemur í ljós að Ísland og Finnland leggja minna til heilbrigðismála en hinar Norðurlandþjóðirnar. Árið 2014 lögðu Íslendingar 8,8% af VLF til

heilbrigðismála, Finnar 8,7%, Norðmenn 9,2%, Danir 10,4% og Svíar 11%. Ef Íslendingar ætluðu að leggja jafnmikið og Svíar til heilbrigðismála sem hlutfall af VLF þurfa heilbrigðisútgjöld að aukast um rúmlega 40 milljarða króna á Íslandi eða um 20-25%.

Ef skoðuð eru útgjöld til heilbrigðismála sem hlutfall af VLF á Norðurlöndum frá árinu 2000 til ársins 2014 (sjá mynd) kemur í ljós að á tímabilinu 2000-2005 lögðu Íslendingar mest til heilbrigðismála miðað við hin norrænu ríkin. Athyglisvert er að árið 2003 lagði Ísland 10,1% til heilbrigðismála sem hlutfall af VLF, langmest af öllum Norðurlöndum. Síðan árið 2005 hefur hlutfall útgjalda til heilbrigðismála sem hlutfall af VLF lækkað og haldist nánast óbreytt

frá árinu 2006 þegar það var 8,9%. Umhugsunarvert er að árið 2014 leggur Ísland (ásamt Finnlandi) minnst til heilbrigðismála sem hlutfall af VLF af Norðurlöndum en tíu árum áður lagði Ísland mest til heilbrigðismála. Annað sem er ekki síður áhyggjuefni er að sé myndin skoðuð vel kemur í ljós að öll Norðurlönd eru að auka verulega útgjöld til heilbrigðismála sem hlutfall af VLF frá árinu 2000 til 2014 nema Ísland.

Sú staðreynd að ekki hefur verið lagt meira fé til heilbrigðisþjónustu en raun ber vitni hefur haft margvíslegar afleiðingar. Nær engin fjárfesting í nýjum spítölum hefur átt sér stað síðustu árin, innleiðing á nýjum meðferðum og lyfjum hefur dregist úr hófi fram, fjárfesting í nýjum tækjum er leyst með sérstök-



um átaksverkefnum. Rauntölur um heilbrigðisútgjöld sýna að ekki hefur verið veitt meira til heilbrigðisþjónustu sem hlutfall af VLF á þessu kjörtímabili en á því síðasta, þrátt fyrir orðaflaum ráðherra um annað. Við eigum langt í land með að ná samþættingu aðstæðum í heilbrigðismálum eins og ríkja í Danmörku og Svíþjóð. Við viljum vera bjartsýnir og gefa eitt ráð: Í stað þess að tala um að hafa lagt svo og svo mikið í heilbrigðismál, sýnið það í verki og með tölum sem sýna raunverulega aukningu á fjármagni til heilbrigðismála sem hlutfall af VLF.

Að endingu viljum við taka fram að við styðjum heilshugar áskorun Kára Stefánssonar til stjórnvalda um að þau tryggji að útgjöld til heilbrigðismála verði 11% af VLF.



**Í stað þess að tala um að hafa lagt svo og svo mikið í heilbrigðismál, sýnið það í verki og með tölum sem sýna raunverulega aukningu á fjármagni til heilbrigðismála sem hlutfall af VLF.**



**Gerðu þína eigin Beef Wellington**

**289 kr. pk.**  
Smjördeig 275g



**5999 kr. kg**  
Hreinsuð ungnautalund, Danmörk



**999 kr. pk.**  
Duxelle - fylling fyrir Wellington 350g

**+** **=**

# Páskaveisla í Krónunni

# KRÓNAN

Afgreiðslutímar á [www.kronan.is](http://www.kronan.is)

**Ferskt með flugi**





Pálína Gunnlaugsdóttir er í risastöru hlutverki hjá toppliði Hauka í Domino's-deild kvenna í körfubolta. Hér er hún í leik gegn Snæfelli í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Allt dramað styrkti okkur

Það verða ekki mörg lið betri við það að missa stigahæsta leikmann deildarinnar en sú virðist vera raunin hjá Pálinu Gunnlaugsdóttur og Haukakonum sem verða deildarmeistarar með sigri á Hamri í kvöld.

**KÖRFUBOLTI** Haukar ráku þjálfara og erlendan leikmann nánast kvöldið fyrir einn mikilvægasta leik tímabilsins. Liðið svaraði með öruggum sigri á toppliði Snæfells og vantar nú bara einn sigur á heimavelli í kvöld til að tryggja sér deildarmeistaratitilinn. Heimavallaréttur skiptir gríðarlega miklu máli í einvígi Hauka og Snæfells sem hafa bæði unnið alla heima-leiki sína á tímabilinu.

„Ég er mjög ánægð með það hvernig ég sjálf tæklaði þetta, hvernig Helena (Sverrisdóttir) tæklaði þetta og sömu sögu má segja um restina af liðinu,“ segir Pálína Gunnlaugsdóttir. Hún fór á kostum fyrir áramót en hvarf nánast úr sóknarleik liðsins við komu Chelsea Schweers um áramótin.

„Hún tók helling frá mér og mér

fannst hún eiginlega taka frá öllum í liðinu. Chelsea er frábær leikmaður, virkilega góð í körfubolta og örugglega einn besti Kani sem hefur komið til Íslands. Eins og liðið okkar er uppbyggt núna þá erum við með svo ótrúlega marga góða leikmenn og það er líka ástæðan fyrir velgengni okkar. Við erum með svo margar góðar stelpur sem mynda þetta skemmtilega og góða lið. Það sem Chelsea breytti í okkar leik var að hún var að taka of mikið til sín og leyfði ekki öðrum að vera þátttakendur,“ segir Pálína.

Það var búist við miklu af Haukum og tvö töp á stuttum tíma, stuttu eftir komu Chelsea, komu mörgum mikið á óvart. Pressan var mikil.

„Það er búið að vera mikið drama í gangi í Haukaliðinu og í stjórninni.

●● **Ég held að þetta hafi bara styrkt okkur og það er aftur orðið ótrúlega gaman að koma á æfingar.**

Pálína Gunnlaugsdóttir, Haukum

Ég held að þetta hafi bara styrkt okkur og það er aftur orðið ótrúlega gaman að koma á æfingar,“ segir Pálína um breytingarnar.

Það fer ekki á milli mála að ábyrgðin er mikil á henni og Helenu Sverrisdóttur. Í síðasta leik á móti Val voru þær saman með 54 stig og 13 stoðsendingar. „Við Helena erum reynslumiklar og það er alltaf verið að horfa á okkur. Málið er það að hinir leikmennirnir eru svo ótrúlega mikilvæg-

ir. Það býr til þetta frábæra lið. Það eru leiðtogar í liðinu en ef hinar eru ekki með þá getum við gleymt þessu,“ segir Pálína. „Chelsea bætti í rauninni engu við liðið. Kannski hef ég dregið mig í hlé eins og fleiri þegar hún kom. Það hefur samt verið ómeðvitað hjá okkur öllum. Það var kannski erfitt að keyra sig í gang þegar maður fékk ekkert að taka þátt í sóknarleiknum,“ segir Pálína.

Hún talaði um tækifæri til að vinna stóra titilinn án Kana þegar hún kom aftur í Hauka í haust. Nú hefur sá möguleiki opnast aftur.

„Þó svo að þetta drama hafi verið svolítið leiðinlegt þá er þetta einn skemmtilegasti veturinn hjá mér í seinni tíð. Það er líka gaman að hafa þetta svona íslenskt,“ segir Pálína að lokum. [ooj@frettabladid.is](mailto:ooj@frettabladid.is)

## Nýjast

### Úrslitakeppni Domino's-deild karla

#### Njarðvík - Stjarnan 70-82

**Njarðvík:** Haukur Helgi Pálsson 26, Oddur Rúnar Kristjánsson 13, Jeremy Martez Atkinson 11, Maciej Baginski 9, Hjörtur Hrafn Einarsson 7, Ólafur Helgi Jónsson 4.  
**Stjarnan:** Al'lonzo Coleman 24/13 fráköst, Justin Shouse 19/5 fráköst/5 stoðsendingar, Sæmundur Valdimarsson 12, Marvín Valdimarsson 12, Tómas Þórður Hilmarsson 6, Arnþór Freyr Guðmundsson 5, Tómas Heiðar Tómasson 4.

**Staðan í einvíginu er jöfn, 1-1.**

Stefan Bonneau spilaði sinn fyrsta leik fyrir Njarðvík í vetur en fór meiddur af velli í öðrum leikhluta. Hann spilaði í tæpar 4 mínútur.

#### Þór Þorl. - Haukar 65-76

**Þór Þorl.:** Vance Michael Hall 24, Ragnar Ágúst Nathanaelsson 12/11 fráköst, Halldór Garðar Hermannsson 12, Ragnar Örn Bragason 8, Þorsteinn Már Ragnarsson 5, Emil Karel Einarsson 4

**Haukar:** Brandon Mobley 20/9 fráköst, Hjálmar Stefánsson 17/9 fráköst, Emil Barja 16/11 fráköst/5 stoðs., Haukur Óskarsson 13, Kristinn Marinósson 5, Finnur Atli Magnússon 5/6 fráköst.

**Staðan í einvíginu er jöfn, 1-1.**

### ÚRSLITALEIKUR UM SÆTI Í ÚRSLITAKEPPNINI

Keflavík og Grindavík spila í kvöld hreinan úrslitaleik um sæti í úrslitakeppni Domino's-deildar kvenna í körfubolta en sigurvegari leiksins tryggir sér fjórða og síðasta sætið í úrslitakeppninni. Grindavík er með tveimur stigum meira en Keflavík og betri árangur í innbyrðisviðureignum liðanna.

Haukar, Snæfell og Valur

hafa þegar tryggt sér sæti í úrslitakeppninni. Leikurinn fer fram í TM-höllinni í Keflavík, hefst klukkan 19.15 og verður í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport.



## Í dag

**19.10 Keflavík - Grindavík** Sport

**19.15 Haukar - Hamar** Ásvellir

**19.15 Keflavík - Grindavík** Keflavík

**19.15 Snæfell - Valur** Stykkish.

## GOUDA STERKUR


### KRÖFTUGUR

Íslenskur Gouda-ostur hefur verið á boðstólum á Íslandi frá árinu 1961. Fyrirmynd ostsins er hinn frægi Gouda, frá samnefndum bæ í suðurhluta Hollands. Gouda Sterkur er lageraður í sex mánuði. Mjúkur, bragðmikill og þroskaður ostur með skörpu bragði, sveppatónum, kryddkeimi og langvarandi eftirbragði. Hentar við flest öll tækifæri, hvort sem er á ostabakkann eða til að setja punktinn yfir i-ið í matargerðinni.



[www.odalsostar.is](http://www.odalsostar.is)





Margar rannsóknir benda til þess að góðir gerlar og ákveðin efni í fæðunni geti styrkt og viðhaldið góðri þarmaflóru.

Sonur Lólóar öðlaðist nýtt líf eftir að hann fór að taka Prógastró. Hún mælir heilshugar með gerlunum við viðskiptavini og eru þeir ekki síður ánægðir með árangurinn.

## NÝTT LÍF MEÐ PRÓGASTRÓ

**Artasan kynir** Prógastró DSS+ gerlar eru sannkölluð himnasending fyrir meltinguna. Þeir eru gall- og sýrubolnir og margfaldast í smápörmunum þar sem þeirra er mest þörf. Prógastró gerlar byggja upp þarmaflórana og hafa reynst þeim vel sem þjást m.a. af uppþembu, magaónotum, meltingarvandamálum og erfiðum hægðum.

### HEILBRIGÐ ÞARMAFLÓRA - HEILBRIGT LÍF

Meginþorri heilbrigðra einstaklinga hefur svipaða þarmaflóru en hún er að þróast og dafna alla ævi. Örverur (þarmaflóran) í meltingarvegi mannsins hafa áhrif á líkamstarfsemina á ýmsan hátt. Þarmaflóran ver okkur gegn óæskilegum örverum og hefur margs konar áhrif á heila- og taugakerfið, þar með talið geðheilsuna. Óflug og rétt samsett þarmaflóra er grunnurinn að sterku ónæmiskerfi og oftar en ekki er hægt að rekja ýmsa líkamlega sem og andlega veikleika til lélegrar þarmaflóru.

Ástæður þess að þarmaflóran getur raskast eru margar, t.d. bólgusjúkdómur í þörmum, ofnæmi, offita eða sykursýki en auk þess getur notkun ákveðinna lyfja, og þá helst sýklalyfja, skaðað heilbrigða flóru. Mikið álag og streita hefur auk þess slæm áhrif á þarma-

flórana sem og mikið unnin matvæli.

### MARGFALDA SIG Í ÞÖRMUNUM

Margar rannsóknir benda til þess að góðir gerlar og ákveðin efni í fæðunni geti styrkt og viðhaldið góðri þarmaflóru. Góðir gerlar (probiotics) finnast í gerjuðum mat eins og súrkáli, jógúrti, kefir og kombucha en einnig er hægt að fá þá í hylkjum. Prógastró gerlarnir eru afar óflugir og einstakir því þeir eru bæði sýru- og gallþolnir, þannig að þeir lifa af ferðalagið gegnum magann og margfalda sig í smápörmunum.

### „ALGJÖRT KRAFTAVERK“

„Sonur minn var lengi mjög slæmur í maga. Mér var bent á Prógastró gerlana og þeir hafa heldur betur gert sitt gagn. Eftir áralöng óþægindi í maga öðlaðist hann nýtt líf en þeir hafa gert algert kraftaverk.



“Sonur minn var lengi mjög slæmur í maga. Mér var bent á Prógastró gerlana og þeir hafa heldur betur gert sitt gagn. Eftir áralöng óþægindi í maga öðlaðist hann nýtt líf með Prógastró.

Lóló Rósenkranz

Hann tekur Prógastró alla daga og hef ég deilt þessum boðskap til allra minna viðskiptavina. Þeir eru ekki síður ánægðir með árangurinn en þetta er frábær virkni og ég mæli hiklaust með þessu við alla sem vilja bætt lífsgæði og/eða viðhalda góðri heilsu,” segir Lóló Rósenkranz, einkaþjálfari í World Class.

Einkenni sem hrjá margna með lélega þarmaflóru eru t.d. uppþemba, erfiðar hægðir, húðkvillar, sveppasýkingar, fæðuþol, krampar o.fl. Rannsóknir hafa sýnt að þarmaflóran er undirstaða óflugs ónæmiskerfis og hún er stór áhrifavaldur margna líkamlegra og andlegra kvilla. Það er því lykilatriði að við höfum heilbrigða þarmaflóru.

### PRÓGASTRÓ ER FYRIR ALLA

Íslendingar þekkja Prógastró gerlana vel en þeir hafa í gegnum tíðina verið á meðal mest seldu gerla landsins. Prógastró innheldur fjóra stofna af gerlum og er acidophilus þar efst á blaði en þeir margfalda sig í smápörmunum. Þeir eru lausir við mjólk, glúten, soja og rotvarnarefni og henta fólki á öllum aldri.

**Söluastaðir:** flest apótek, heilsu- búðir og heilsuhillur verslana.



Ég hef minnkað lyfin við sykursýki II um helming eftir að ég byrjaði að taka inn rauðrófuhylkin.

Jóhannes S. Ólafsson  
útgerðarmaður og skipstjóri

## Lífrænt rauðrófuduft í hylkjum



**NÝTT LÍFRÆNT OFURFÆÐI**

Fæst í apótekum, heilsu- búðum og heilsuhillum verslana.



SUMARFRAKKAR  
KR. 22.900 kr.-  
VATTJAKKAR  
KR. 19.900 kr.-

**BERNHARD LAXDAL**  
Laugavegi 63 • S: 551 4422

www.laxdal.is

Vertu vinur á Facebook



**Procto-eze™**  
Léttir á einkennum gyllinæðar

**Við gyllinæð**  
og annarri ertingu og  
ópægindum í endaparmi

**PROCTO-EZE KREM**

- ✓ Dregur úr óþægindum og flýtir bata
- ✓ Byggir á náttúrulegum innihaldsefnum
- ✓ Inniheldur ekki stera
- ✓ Má nota á meðgöngu
- ✓ Þoldist vel í 12 vikna klínískri rannsókn
- ✓ Auðvelt í notkun - stjaka fylgir með

Frekari upplýsingar á bakhlið

**PROCTO-EZE HREINSIR**

- ✓ Mild og þægileg froða
- ✓ Hreinsandi og róandi verkun
- ✓ Góður í sturtuna
- ✓ Kemur í stað sápu sem getur ert viðkvæma húðina

**FÆST Í APÓTEKUM**

**LYFIS**  
Trust / Lyfjum



Hulda Kolbrún Guðjónsdóttir kennari byrjaði að læra söng fyrir um sex árum þegar hún var 58 ára gömul. „Það var gamall draumur að læra að syngja, ég hef sungið alla tíð og fékk stundum að heyra að ég syngi fallega en hafði aldrei gert neitt í því.“  
MYND/HANNA ANDRÉSDÓTTIR

## ELTIR DRAUMINN

**Hulda Kolbrún Guðjónsdóttir** ákvað fyrir nokkrum árum að láta gamlan draum rætast, lét slag standa og byrjaði í söngnámi. Hún hefur sungið alla tíð og segist ekki geta kórlaus verið.

Það er engin ástæða til að elta ekki drauma sína og láta þá ekki rætast. Hulda Kolbrún Guðjónsdóttir kennari byrjaði að læra söng haustið 2010 þegar hún var 58 ára gömul og segir það vera óskaplega skemmtilegt. „Það var gamall draumur að læra að syngja, ég hef sungið alla tíð og fékk stundum að heyra að ég syngi fallega en hafði aldrei gert neitt í því. Mig langaði hins vegar alltaf að syngja fallegar og sló til fyrir rúnum fimm árum og fór á fyrsta námskeiðið í Söngskólanum í Reykjavík.“

### MIKIL EN SKEMMTILEG VINNA

Söngnámið hefur gengið vel hjá Huldu og stefnir hún á að klára sjötta stigið núna í vor. „Ég frétti árið 2012 að þeir sem væru á námskeiðum í Söngskólanum gætu tekið próf í skólanum eins og nemandur þar og veturinn 2012-13 tók ég bæði grunnstigs- og miðstigspróf. Og bara lærði fyrir allan peninginn,“ segir hún og hlær. Hulda segist ekki vita hvort hún haldi áfram eftir sjötta stigið, það sé heldur bratt hjá henni að ætla að klára það í vor. „Ég tók mér hlé og byrjaði aftur í haust. Það er

spurning hvað ég geri svo, stigið sem ég er að taka núna tekur alla jafna tvo vetur. Ég er í fullu starfi í Háteigsskóla og svo þarf að taka fleiri fög í söngnáminu, tónlistarsögu og hljómfræði, þannig að þetta er hellings vinna en ofboðslega skemmtilegt.“

### GETUR EKKI VERIÐ KÓRLAUS

Hulda byrjaði fyrst í kór þegar hún var fimmtán ára gömul, í Pólyfónkórnum. Hún fór svo í Fílharmóníu, flutti síðan út á land og söng þar í kirkjukórnum. „Ég get ekki kórlaus verið. Ég var lengi í Kvinnakór Reykjavíkur og fór eftir það í Kammerkór Reykjavíkur og er núna í Söngfjlaginu sem er alveg svakalega skemmtilegur kór. Það spilaði líka inn í að ég fór að læra söng, ég vildi vera gjaldgeng í góða kóra þar sem voru gerðar miklar kröfur,“ segir hún.

Hulda segir alla vega lög vera sungin í Söngfjlaginu, kirkjuleg, djass-, popp-, ættjarðar- og bæði innlend og erlend þjóðlög. Það henti henni vel þar sem henni þyki gaman að syngja nánast allt. „Mér þykir skemmtilegt að syngja krefjandi tónlist og skemmtilegar radd-

” Námið er flott æfing fyrir heilann og svo er söngur mannbætandi yfirleitt.

Hulda Kolbrún Guðjónsdóttir

setningar. Svo er það nú þannig að þegar maður syngur þá er maður í raun að stunda þessa eftirsóttu nútíund, þá er ekki verið að hugsa um neitt annað og engar áhyggjur sem komast að né nokkuð annað. Fyrir utan það að þá syngur enginn í vondu skapi,“ segir Hulda og brosir.

### MANNBÆTANDI SÖNGUR

Á söngnámskeiðinu með Huldu er fólk á öllum aldri sem flestallt er að elta drauma sína. „Það er meira en að segja það að standa fyrir framan hóp af fólki og syngja. Að hafa ekkert nema eigin rödd að stóla á er erfitt en kennararnir eru frábærir, þetta er flott æfing fyrir heilann og svo er söngur mannbætandi yfirleitt.“

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í forni viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnar-efni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir**, solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir**, vera@365.is, s. 512 5357 | Sölu menn: **Atli Bergmann**, atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage**, johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson**, jonivar@365.is, s. 512 5429

# LAUSN VIÐ AUGNÞURRKI OG HVARMABÓLGU FRÁ PROVISION

**Provision kynnr** Augnþurrkur er algengt vandamál sem stór hluti Íslendinga glímir við daglega. Provision býður upp á ýmsar vörur, sem aðstoða í baráttunni við þurr augu og hvarmabólgu og hlotið hafa góðar viðtökur. Vörurnar frá Provision fást í apótekum og gleraugnaverslunum um allt land.

„Erlendar rannsóknir hafa gefið til kynna að 5-30% fólks eldra en 50 ára hafi augnþurrk. Orsakir eru fjölbættar og getur augnþurrkur verið á mismunandi stigum. Helstu orsakir augnþurrks eru skert framleiðsla tára frá tárakirtli og óstöðug tárafilma vegna skertrar framleiðslu fitukirtla sem eru staðsettir í augnlokunum. Þurr augu eru algengari hjá konum sem eru barnshafandi eða eftir tíðahvörf. Augnþurrkur er einnig algengur fylgifyrkur ýmissa sjúkdóma, svo sem gigtar-sjúkdóma og sjálfsofnæmissjúkdóma, og þá geta ýmis lyf valdið þurru augum. Umhverfi skiptir einnig miklu máli, þurrt loft og mikil tölvuvinna geta valdið augnþurrki. Helstu einkenni augnþurrks eru augnbreyta, ljósfælni, sviði og kláðatilfinning, breytileg sjónskerpa og aukið tárarensli. Tárarensli getur gefið til kynna skort á fitu í tárum.

Provision býður úrval vara við augnþurrki og hvarmabólgu, meðal annars augndropa, sóttreinsandi klúta og gel,“ segir María Elfarsdóttir, sölustjóri hjá Provision.

María Elfarsdóttir, sölustjóri hjá Provision




### THEALOZ AUGNDROPAR

„Thealoz augndroparnir eru rakagefandi og verndandi augndropar við augnþurrki sem hafa sérstaklega góða virkni,“ segir María.

Droparnir vernda og stuðla að jafnvægi í frumuhimnu með því að hindra skemmdir á yfirborði augans og hafa auk þess góð andoxunaráhrif. Engin rotvarnarefni eru í Thealoz dropunum og má því nota þá að vild. Einnig má nota þá með snertilinum. Lausnir er varin af síu í tappa sem hindrar að bakteríur komist inn í lausnina en nota má dropana í átta vikur eftir að flaskan er opnuð.


### SÓTTREINSANDI KLÚTAR VIÐ HVARMABÓLGU

Blephaclean-klútarnir eru dauð-




Ég fór í laseraðgerð hjá Sjónlagi í lok maí 2015. Keypti mér Thealoz dropana eftir aðgerðina og var mjög ánægð, ákvað samt að prufa að kaupa mér ódýrari dropa og fann rosalega mikinn mun á gæðum. Þessir ódýrari voru bara ekki að gera neitt fyrir mig og þurfti ég að nota mikið meira magn. Mælti með dropunum við tengdamömmu og er hún alsæl með Thealoz dropana.

Elín Björk Ragnarsdóttir



Ég hef verið að glíma við augnþurrk. Ég nota Thealoz gervitár af því mér finnst þau smyrja augun vel, þau eru með langvarandi virkni, unnin úr náttúrulegum efnum og þau eru laus við öll aukaefni sem mér þykir kostur.

Heiðís Björk Helgadóttir



Ég var mjög slæm af augnþurrki án þess að gera mér grein fyrir því. Þar sem ég var með nóg af tárum datt mér ekki í hug að tengja það við augnþurrk. Alltaf með lekandi tár í kulda, og smá vind. Systir mín ráðlagi mér að prufa Thealoz því hún hafði mjög góða reynslu af þeim. Eiginlega bara strax varð ég allt önnur og er hætt að vera með táraflóð og finna fyrir þessari sandtilfinningu.

Erla Óskarsdóttir

hreinsaðir blautklútar án rotvarnar- og ilmefna. Þeir vinna vel á hvarmabólgu og fjarlægja mjúklega leifar af slími og húðskorpu af augnhvörmum og úr augnhárum. Blephaclean-klútarnir minnka þrota í kringum augun og hreinsa án þess að valda ertingu. Klútarnir henta þeim sem nota linsur og fólki með þurr

augu. Blephaclean innihalda meðal annars hýalúrónsýru, Iris florentina og Centella asiatica. Klútana má nota á börn eldri en 3 mánaða.

### BLEPHAGEL DAUÐHREINSAÐ GEL

Blephagel er dauðhreinsað gel án rotvarnar- og ilmefna og alkóhóls. Gelið kemur í 30 g túpu með

fjölskammtadælu svo ekkert loft kemst að.

Blephagel er til hreinsunar á viðkvæmum, þurru og/eða klístruðum augnlokum og augnhárum. Gelið vinnur vel á hvarmabólgu, veitir raka og mýkir augnlokin án þess að hafa áhrif á náttúrulegt pH-gildi húðarinnar.

## Augnheilbrigði

# Hvarmabólga og þurr augu.

Thealoz inniheldur trehalósa sem er náttúrulegt efni sem finnst í mörgum jurtum og dýrum sem lifa í mjög þurru umhverfi.

Trehalósi eykur viðnám þekjufrumna hornhimnunnar gegn þurrki. Droparnir eru án rotvarnarefna og má nota með linsum.



Fást í öllum helstu apótekum.





Geimfarinn Scott Kelly dvaldi í Alþjóðageimstöðinni í tæpt ár.

## ÁHRIF GEIMFERÐA Á LÍKAMANN

Geimfarinn Scott Kelly sneri til jarðar í byrjun mánaðarins eftir 340 daga í Alþjóðageimstöðinni (ISS). Talsvert er vitað um þau áhrif sem það hefur á líkamann að dvelja í geimnum en þar sem Kelly er tvíburur verða hann og bróðir hans rannsakaðir frekar í þeirri von að komast að meiru.

Þegar er vitað að þyngdarleysið hefur mikil áhrif á bæði vöðva og bein. Geimfarar tapa um 1-2 prósentum af beinvef í hverjum mánuði sem er svipað og hjá þeim sem glíma við beinþynningu. Svipaða sögu er að segja um vöðva og geta geimfarar tapað 20 prósentum af vöðvassa sínum á aðeins 5-11 dögum. Til þess að sporna við því er mikilvægt að geimfarar stundi líkamsrækt og þurfa þeir að verja tveimur og hálfum tíma í líkamsrækt á dag á meðan þeir dvelja í geimnum.


Þá er ljóst að geimfarar verða fyrir aukinni

geislun frá sólu. Geislun í Alþjóðageimstöðinni er 40 sinnum meiri en meðalgeislun sem manneskja í Bandaríkjunum verður fyrir á einu ári. Þá eru geimfarar líklegri en aðrir til að glíma við augnvandamál og er talið að löng dvöl í geimnum kunni að leiða til krabbameina og geti jafnvel hraðað þróun Alzheimer-sjúkdóms.

Önnur áhrif geimferða eru til dæmis að blóðmagn í líkamann minnkar um allt að 22 prósent sem kann að valda lakari súrefnismettun í vefjum líkamans auk einkenna á borð við svima og örmögnun. Geimfarar hafa auk þess margir talað um að bragðskyn þeirra breytist.

Þá geta ristar orðið viðkvæmar á meðan iljar tapa sigginu á nokkrum mánuðum. Að lokum hækka geimfarar í lofti og er Kelly til að mynda 5 cm hærrí í dag en áður en hann fór frá Jörðu en hæðaraukningin kemur að öllum líkindum til vegna skorts á þyngdaraflí.

Heimild: hvatinn.is



Þegar börn fá að hlusta á tónlist eða leika sér í snjalltækjum með heyrnartól ættu foreldrar að gæta að styrkleika hljóðsins.

## UNGT FÓLK Í HÆTTU Á AÐ TAPA HEYRN

Búast má við því að 1,1 milljarður ungs fólks eigi heyrnartap á hættu, að því er Alþjóðaheilbrigðisstofnunin, WHO, hefur greint frá. Ástæðan er hávær tónlist í eyrum alla daga, margar klukkustundir í senn.

Þeir sem eru undir 35 ára í dag ættu að gæta að heyrn sinni. Talið er að þessi hópur sé í mikilli hættu á að verða fyrir heyrnarskaða. Ástæðan er snjalltæki og að ungt fólk hlustar á háværa tónlist í marga tíma á dag í heyrnartækjum. Í Danmörku verða á milli 5-10% ungmenna fyrir heyrnarskaða vegna þess að þau stilla músíkina í eyrunum á of mikinn styrk, að því er Politiken greinir frá. Unglingar í dag hlusta tvöfalt meira á tónlist en eldri kynslóðir gerðu. Músíkin þjappast saman í þessum litlu tækjum og hljóðstyrkur er mikill sem hefur mikil áhrif á heyrnina. Ef aðrir heyra tónlistina sem þú ert með í eyrunum ertu á hættustigi.

### 25 PRÓSENT HLUSTA Á TÓNLIST Í 8 TÍMA Á DAG

Rannsóknir í Danmörku sýna að allt að 25% eigenda MP3-spilara

hlusta á tónlist að meðaltali átta klukkustundir á dag. Langvarandi hljóð hærrí en 80-90 dB geta valdið heyrnarskaða. Ekki ætti að vera í 86 dB hljóðstyrk nema í hámark tvær klukkustundir á dag og í 101 dB hljóðstyrk í mesta lagi fjórar mínútur á dag.

### SKERÐIR LÍFSGÆÐI

Hvatt hefur verið til þess að framleiðendur tónlistarspilara sýni hljóðstyrk á tækjunum svo fólk geri sér grein fyrir hættunni. Heyrnartap skerðir mjög lífsgæði. Þess vegna ætti að taka allar aðvaranir alvarlega. Þegar fólk heyrir illa er hættu á að það verði einangrað og einmana. Talið er að í Danmörku muni 1 milljón manna heyra illa árið 2030.

Varað hefur verið við heyrnarskaða vegna heyrnartóla í langan tíma. Margar rannsóknir hafa verið gerðar sem sýna að heyrnar-

» Áður þótti eðlilegt að fólk færi að missa heyrn á efri árum. Í framtíðinni má búast við að fólk upp úr fimmtugu eigi við verulega heyrnarskerðingu að stríða.

tap er að aukast meðal yngra fólks. Áður þótti eðlilegt að fólk færi að missa heyrn á efri árum. Í framtíðinni má búast við að fólk upp úr fimmtugu eigi við verulega heyrnarskerðingu að stríða.

heilsuhotel  
Íslands

## HEILSUNÁMSKEIÐ

heilsa, hvíld og gleði

### VOR / SUMAR\*

1.-15. apríl

Heilsunámskeið 2 vikur


Pantið tímanlega, vinsæll tími

Góður lífsstíll

Fyrirlesarar og kennarar



Ásdís Ragna  
Einarsdóttir  
grasalæknir



Chad  
Keilen  
BSc Heilsuvísindi



Vigdís  
Steinþórsdóttir  
hjúkrunarfræðingur



Steinunn  
Aðalsteinsdóttir  
heilsuþjálfari

Sími 512 8040 | www.heilsuhotel.is | heilsa@heilsuhotel.is

Heilsuhótel Íslands | Lindarbraut 634 | 235 Reykjanesbær

# 4 ÓSKARSVERÐLAUNATILNEFNINGAR

## BESTA MYND

BESTA LEIKSTJÓRN - LENNY ABRAHAMSON

BESTA HANDRIT - EMMA DONOGHUE

BESTA LEIKKONA Í AÐALHLUTVERKI - BRIE LARSON

"JOAN ALLEN IS EXCELLENT."  
JUSTIN CHANG, VARIETY

"LIFE-AFFIRMING AND AWE-INSPIRING."  
BRIAN FORMO, COLLIDER

"JACOB TREMBLAY IS A STARTLING REVELATION."  
NIGEL SMITH, theguardian

"ASTONISHING PERFORMANCES."  
DAVID EHRLICH, TimeOut New York

"AN ENTHRALLING FILM WITH TWO EXCEPTIONAL PERFORMANCES."  
JOE MORGENSTERN, THE WALL STREET JOURNAL



"BRIE LARSON MUN FÁ ÞIG TIL AÐ TAKA ANDKÖF. ÞÚ MUNT EKKI SJÁ BETRI LEIK Í ÁR"



SIGURVEGARI  
PEOPLE'S CHOICE AWARD

tiff.40 toronto international film festival

## ÓSKARSVERÐLAUN

Besta leikkona í aðalhlutverki  
- Brie Larson

## Óður til móðurástarinnar

RICHARD LAWSON, VANITY FAIR



ÁSTIN Á SÉR ENGIN TAKMÖRK

# ROOM

BYGGT Á SAMNEFNDRI METSÖLUBÓK

AN A24 RELEASE. TELEFILM CANADA, FILM4 AND BORD SCANNÁN NA HÉIREANN/THE IRISH FILM BOARD  
WITH THE PARTICIPATION OF ONTARIO MEDIA DEVELOPMENT CORPORATION PRESENT AN ELEMENT PICTURES/NO TRACE CAMPING PRODUCTION IN ASSOCIATION WITH DUPELE FILMS A FILM BY LENNY ABRAHAMSON "ROOM"  
BRIE LARSON JACOB TREMBLAY JOAN ALLEN SEAN BRIDGERS AND WILLIAM H. MACY CASTING BY FIONA WEIR ROBIN D. COOK CSA COSTUME DESIGNER LEA CARLSON MUSIC BY STEPHEN PENNICKS EDITOR NATHAN NUGENT PRODUCTION DESIGNER ETHAN TOBMAN  
DIRECTOR OF PHOTOGRAPHY DANNY COHEN BSC BASED ON THE NOVEL BY EMMA DONOGHUE EXECUTIVE PRODUCERS ANDREW LOWE EMMA DONOGHUE JESSE SHAPIRA JEFF ARKUSS DAVID KOSSE ROSE GARNETT TESSA ROSS  
PRODUCED BY ED GUINEY p.g.a. DAVID GROSS SCREENPLAY BY EMMA DONOGHUE DIRECTED BY LENNY ABRAHAMSON

EGILSHÖLL

KRINGLAN SAMBÍON

SAMBIO.is

AKUREYRI SAMBÍON

KEFLAVÍK SAMBÍON

ÁLFABAKKI SAMBÍON

12

## BÍLAR & FARARTÆKI



SKODA Octavia ambiente. Ágerð 2007, ekinn 145 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 1.390.000. Rnr.110817.



TOYOTA Rav4. Ágerð 2006, ekinn 125 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.690.000. Rnr.120445.

**MB Bílar**  
Kletthálsi 1a, 110 Reykjavík  
Sími: 415 1150  
Opíð 10-18, lau 12-16  
<http://www.mbbilar.is>

## bilaborg.is

Sími 517-1111



M.BENZ C 200 avantgarde 6 girá . Ágerð 7/2014, ekinn 7 P.KM, bensín, 6 girar. Verð 6.490.000. Rnr.151138. Vel búinn bíll Glæsilegur bíll er á staðnum



TOYOTA Land cruiser 100 diesel. Ágerð 2002, ekinn 249 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Tilboðsverð 2.890.000. Rnr.134120. skoðaður 2017



TOYOTA Previa 7 manna. Ágerð 5/ 2006, ekinn 225 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Tilboðsverð 1.290.000. Rnr.134121. Er á staðnum.

## bilaborg.is

Sími 517-1111




CHRYSLER Pacifica fwd. Ágerð 2005, ekinn 160 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Tilboðsverð 890.000. Rnr.128071. er á staðnum. Skoðaður 2017



NISSAN Navara 4wd double cab at le. Ágerð 6/ 2006, ekinn 227 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 1.390.000. Rnr.127927. Er á staðnum

**Bilaborg**  
Stórhöfða 26, 112 Reykjavík  
Sími: 517 1111  
<http://www.bilaborg.is>



## ASKJA NOTAÐIR BÍLAR



Kia Sportage EX 4wd. Ágerð 2014, ekinn 34 P.KM, dísel, 6 girar. Verð 4.890.000. Rnr.991623. 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



TOYOTA Prius hybrid. Ágerð 2011, ekinn 28 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.350.000. Rnr.290044. Tilboð kr: 2.790.000,-



TOYOTA Land cruiser 150 gx. Ágerð 2014, ekinn 54 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 8.590.000. Rnr.991696.

## ASKJA NOTAÐIR BÍLAR



MERCEDES-BENZ B 180 cdi blue efficiency. Ágerð 2012, ekinn 66 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.690.000. Rnr.991482. Tilboð kr: 3.290.000,-

**ASKJA notaðir bílar**  
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík  
Sími: 590 2160  
[www.notadir.is](http://www.notadir.is)

## bilauppbod.is

### PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. [www.bilauppbod.is](http://www.bilauppbod.is) Sími 522-4610.

**Bilauppboð - Krókur**  
Sími: 522 4610  
[www.bilauppbod.is](http://www.bilauppbod.is)

## 567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS



NISSAN Double cab 4wd. Ágerð 2005, ekinn 170 P.KM, dísel, 5 girar. Verð 1.490.000. Fallegur og vel með farinn Rnr.211308.



CAN-AM Outlander 6x6. Ágerð 2016, Nýtt, bensín, sjálfskiptur. Verð án Vsk 2.735.000 Rnr.115074.

**Nýja bílahöllin**  
Eirhöfða 11, 110 Rvk.  
Sími: 567 2277  
[www.nyja.is](http://www.nyja.is)

Ábendingahappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



# Rakavandamál?

Er rakastigið of lágt?

Er hætta á myglusvepp?  
-er rakstigið of hátt?



Svissnesku rakatækin

stylies®



Bresku þurrktækin

ecoair



íshúsið



viftur.is  
-andaðu léttar

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur



## Aðalfundur

Ísfélags Þorlákshafnar hf., kt. 430285-0179,  
Hafnarskeiði 12, 815 Þorlákshöfn, verður  
haldinn miðvikudaginn 6. apríl 2016 kl. 10:00  
að heimilisfangi félagsins.

### Dagskrá

1. Stjórn félagsins skýrir frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
2. Staðfesting ársreiknings fyrir síðastliðið rekstrarár.
3. Kosning stjórnar félagsins.
4. Kosning endurskoðanda félagsins.
5. Ákvörðum um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.
6. Ákvörðum um greiðslur til stjórnarmanna og endurskoðanda fyrir störf þeirra á starfsárinu.
7. Tillaga um breytingu á félaginu úr hlutafélagi í einkahlutafélag.
8. Tillaga um lækun á hlutafélagi félagsins vegna eigin hluta.

Gerð er tillaga um að lækka hlutafélagi félagsins um kr. 25.318.901 að nafnvirði á genginu 1 sem nemur eigin bréfum félagsins.

9. Nýjar samþykktir sem einkahlutafélag.

Gerð er tillaga um að samþykktir félagsins séu að mestu leyti samhjúða núgildandi samþykktum félagsins en endurspeglí þau skilyrði sem fram koma í lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélag, auk þess að sýna hlutafélag eftir lækun. Gerð er tillaga um að í nýjum samþykktum þurfi ekki samþykki allra hluthafa til að skylda hluthafa til að þola innlausn á hlutum sínum.

10. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Dagskrá, endanlegar tillögur, ársreikningur, skýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðanda verða hluthöfum til sýnis í síðasta lagi sjö dögum fyrir aðalfund á skrifstofu félagsins. Afhending fundargagna fer fram að ósk skráðra hluthafa. Vilji hluthafi koma dagskrárefni til umfjöllunar á aðalfundi skal tilkynna stjórn félagsins skriflega um tillöguna eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund. Framboð til stjórnar skal tilkynna skriflega eigi síðar en fimm dögum fyrir dagsetningu aðalfundar. Upplýsingar um frambjóðendur verða aðgengilegar til skoðunar á skrifstofu félagsins tveimur dögum fyrir aðalfund.

Þorlákshöfn, 16. mars 2016  
Stjórn Ísfélags Þorlákshafnar hf.

## Þjónustufulltrúi óskast

Við erum að leita að þjónustufulltrúa sem getur unnið sjálfstætt, er nákvæmur og hefur gaman að mikilli vinnu og getur unnið undir álagi. Almenn góð tölvufærni, góð íslensku og enskukunnátta mikilvæg. Þjónustufulltrúar eru í beinum samskiptum við viðskiptavinum og þurfa því að hafa góða framkomu og mikla þjónustulund.

Helstu verkefni:

- Móttaka pantana í síma
- Meðhöndlun pantana
- Samskipti við viðskiptavinum

Reynsla af sambærilegum störfum er kostur.

Umsóknarfrestur er til 29.mars.

Áhugasamir sendi inn ferilskrá með upplýsingum um menntun og fyrri störf á netfangið [box@frett.is](mailto:box@frett.is) merkt "OJK/SD Þjónusta"



O.Johnson & Kaaber ehf og Sælkeradreifing eru leiðandi fyrirtæki á sviði innflutnings og dreifingar á mat- og hreinlætisvöru bæði á stóreldhúsa- og smásölumarkað. Hjá fyrirtækjunum starfa um 70 manns. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru að Tunguhálsi 1, 110 Reykjavík.

## Auglýsing um sveinspróf

Sveinspróf í eftirtöldum iðngreinum verða haldin sem hér segir:

Í matvælagreinum í maí. Umsóknarfrestur er til 1. apríl.  
Í byggingagreinum í maí - júní. Umsóknarfrestur er til 1. apríl.  
Í prentgreinum í maí - júní. Umsóknarfrestur er til 1. apríl.  
Í bíliðngreinum í maí-júní. Umsóknarfrestur er til 1. apríl.  
Í hönnunar- og handverksgreinum í maí - júní. Umsóknarfrestur er til 1. apríl.  
Í snyrtifræði í maí. Umsóknarfrestur er til 15.apríl.  
Í málmíðngreinum í maí - júní. Umsóknarfrestur er til 1. apríl.  
Í netagerð í maí - júní Umsóknarfrestur til 1. maí.  
Í vélvirkjun í september. Umsóknarfrestur til 1. júlí.  
Í hársnyrtiðni í september. Umsóknarfrestur til 1. júlí.  
Í ljósmyndun í september - október. Umsóknarfrestur til 1. júlí.

Dagsetningar prófanna verða birtar á heimasíðu okkar um leið og þær liggja fyrir.

Með umsókn skal leggja fram afrit af námssamningi, lífeyrissjóðsyfirlit og burtfararskríteinu með einkunnum eða staðfestingu skóla á því að nemi muni útskrifast í maí 2016.

Kostnaður próftaka s.s. efniskostnaður er mismunandi eftir iðngreinum.

Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu okkar, veffang: [www.idan.is](http://www.idan.is) og á skrifstofunni.



Vatnagörðum 20, 104 Rvk. | sími: 590 6400 | netfang: [idan@idan.is](mailto:idan@idan.is)

ráðum  
ráðningarstofa

Ertu að leita að starfi?

RÁÐUM EHF • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • [radum@radum.is](mailto:radum@radum.is)

**LIND**  
FASTEIGNASALA

# Holtsvegur 37 & 39

### VIÐ KYNNUM

Nýjar og vandaðar íbúðir á fallegum útsýnisstað við Holtsveg 37 og 39 í Urriðaholti, Garðabæ.

Hönnun húsanna er sérstaklega glæsileg með rúmgóðum svölum og stórum gluggum.

Öllum íbúðum fylgir stæði í bílageymslu. Vandaðar innréttingar og tæki og steinn á borðum í eldhúsi.

Íbúðirnar afhendast fullbúnar án gólfefna en votrými flísalögð. Bæði húsini eru að sjálfsögðu með lyftu.

› Verð frá 32,4 m. kr.

› Afhending haust 2016.

› Opið hús í dag þriðjudaginn frá 17:00 - 18:00



› Innréttuð sýningaríbúð til sýnis

**Vertu velkomin**



Hannes Steindórsson  
Löggiltur fasteignasali

699 5008

› [hannes@fastlind.is](mailto:hannes@fastlind.is)



Stefán Jarl Martin  
Löggiltur leigumiðlari  
Aðstoðarmaður fasteignasala

892 9966

› [stefan@fastlind.is](mailto:stefan@fastlind.is)



Kristján Þórir Hauksson  
Aðstoðarmaður fasteignasala

696 1122

› [kristjan@fastlind.is](mailto:kristjan@fastlind.is)

Uppspretta ánægjulegra viðskipta



# Yngsti Íslendingurinn í hópnum þeirra fimm bestu á HM innanhúss

**FRJÁLSAR ÍPRÓTTIR** Hlaupadrottningin Aníta Hinriksdóttir varð á sunnudagskvöldið aðeins fimmti Íslendingurinn sem kemst í hóp fimm bestu á Heimsmeistaramótinu í frjálsum innanhúss í þriggja áratuga sögu keppinnar.

Aníta náði þriðja besta tímanum í undanrásunum og varð síðan í fimmta sæti í sjálfu úrslitahlaupinu. Þetta var annað árið í röð sem Aníta kemst í úrslit á stórmóti og verður í fimmta sæti en þeim árangri náði hún einnig á EM í Prag fyrir aðeins einu ári.

Francine Niyonsaba frá Búrúndí varð heimsmeistari og í næstu sætum á eftir henni voru tvær bandarískar hlaupakonur og ein frá Kenía. Aníta var eini Evrópubúinn sem komst í úrslit en hin úkraínska Anastasiia Tkachuk rétt missti af sæti í úrslitahlaupinu.



Aníta Hinriksdóttir var eini keppandi Íslands á HM í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Aníta og Vala langyngstar

Aníta varð tvítug í janúar og varð með þessu afreki sínu yngsti Íslendingurinn sem nær einu af fimm efstu sætum á HM innanhúss í frjálsum íþróttum. Aníta bætti met Völu Flosadóttur sem var tæplega ári eldri þegar hún vann silfur í stangarstökki á HM í Maebashi í Japan árið 1999. Vala er

áfram yngsti verðlaunahafi Íslands.

Þær Aníta og Vala eru langyngstar á listanum yfir þá Íslendinga sem hafa komist í hóp fimm bestu á HM innanhúss en næst þeim er Oddný Árnadóttir sem var 27 ára, 4 mánaða og 23 daga

þegar hún varð í fimmta sæti í 400 metra hlaupi á HM í París 1985. Hér á síðunni má sjá lista yfir þá fimm Íslendinga sem hafa komist í hóp fimm bestu á HM innanhúss frá því að það fór fram í fyrsta sinn í janúar 1985. –óój

## Besti árangur Íslendinga á HM í frjálsum íþróttum innanhúss 1985-2016



**Vala Flosadóttir**  
2. sæti í stangarstökki á HM 1999 SILFUR  
21 árs og 17 daga

**Jón Arnar Magnússon**  
2. sæti í sjöþraut á HM 2001 SILFUR  
31 árs, 7 mánaða og 11 daga

**Jón Arnar Magnússon**  
3. sæti í sjöþraut á HM 1997 BRONS  
27 ára, 7 mánaða og 9 daga

**Jón Arnar Magnússon**  
4. sæti í sjöþraut á HM 2003  
33 ára, 7 mánaða og 16 daga

Jón Arnar Magnússon

**Pétur Guðmundsson**  
4. sæti í kúluvarpi á HM 1991  
28 ára, 11 mánaða og 27 daga

**Oddný Árnadóttir**  
5. sæti í 400 metra hlaupi á HM 1985  
27 ára, 4 mánaða og 23 daga

**Aníta Hinriksdóttir**  
5. sæti í 800 metra hlaupi á HM 2016  
20 ára, 2 mánaða og 7 daga

**Jón Arnar Magnússon**  
5. sæti í sjöþraut á HM 1999  
29 ára, 7 mánaða og 7 daga

Vala Flosadóttir



# NOTAÐIR BÍLAR TILBOÐ

BÍLALAND BÝÐUR NOKKRA BÍLA Á EINSTÖKUM KJÖRUM!  
KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU ÞÉR GÓÐAN  
BÍL Á FRÁBÆRU VERÐI!



Rnr. 283314

VW JETTA HIGHLINE

Nýskr. 01/14, ekinn 18 þús. km.  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð áður kr. 2.990.000

GÖNGUM FRÁ  
FJÁRMÖGNUN Á  
STAÐNUM

**TILBOÐSVERÐ!  
2.490 þús.**



SUZUKI GRAND VITARA PREM.  
Nýskr. 05/14, ekinn 81 þús km.  
bensín, beinskiptur.  
Verð áður kr. 4.090.000  
Rnr. 152018

**TILBOÐ kr. 3.290 þús.**



KIA SPORTAGE EX  
Nýskr. 09/14, ekinn 79 þús km.  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð áður kr. 4.480.000  
Rnr. 103353

**TILBOÐ kr. 3.890 þús.**



RENAULT CLIO SPORT TOURER  
Nýskr. 11/12, ekinn 79 þús km.  
dísil, beinskiptur.  
Verð áður kr. 1.660.000  
Rnr. 191934

**TILBOÐ kr. 1.360 þús.**



HYUNDAI IX35  
Nýskr. 10/12, ekinn 145 þús km.  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð áður kr. 3.590.000  
Rnr. 120926

**TILBOÐ kr. 2.890 þús.**



RENAULT MEGANE SPORT TO.  
Nýskr. 06/13, ekinn 40 þús km.  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð áður kr. 2.790.000  
Rnr. 283439

**TILBOÐ kr. 2.390 þús.**



NISSAN QASHQAI SE  
Nýskr. 01/14, ekinn 89 þús km.  
dísil, beinskiptur.  
Verð áður kr. 3.490.000  
Rnr. 283504


**TILBOÐ kr. 2.990 þús.**

jonogoskar.is

## Fallegar fermingargjafir

Bára í Icecold skartgripalínunni fæst í tveimur lengdum og fjórum litum, einnig með litlum demanti.

Frá 6.900 kr.



Laugavegur 61 | Kringlan | Smáralind | Sími 552 4910

JÓN & ÓSKAR



Kletthálsi 11 -110 Reykjavík  
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is  
www.bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is

WWW.BÍLALAND.IS  
**bilaland**

# TÍMAMÓT



Elskuleg móðir okkar,  
tengdamóðir og amma,

**Anna Luckas**  
forstjóri,

áður til heimilis að Ásbúð 96 í Garðabæ,  
varð bráðkvödd á heimili sínu,  
Boðapingi 22, laugardaginn 19. mars.

**Udo Luckas**  
**Claudia M. Luckas**  
**Frank D. Luckas**

**Rósa Linda Thorarensen**  
**Þórður Bachmann**  
**Gígja Magnúsdóttir**  
og barnabörn.



Elskulegur bróðir okkar,  
**Gunnar Tryggvason**

Þorsgötu 2, Reykjavík,

lést 19. mars.  
Útförin verður auglýst síðar.

**Erla Dennison**  
**Guðmundur Þórir Tryggvason**  
**Kristján Grétar Tryggvason**  
og aðrir aðstandendur.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,  
tengdafaðir og afi,

**Bjarni Aðalsteinsson**

Bólstaðarhlíð 62,  
fyrrum skólastjóri að Reykjum  
í Hrótafirði,

andaðist á líknardeild Landspítalans  
13. mars sl. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju í dag,  
þriðjudaginn 22. mars, kl. 13.00. Blóm og kransar  
afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hans er bent á  
Krabbameinsfélag Íslands.

**Guðrún Kristjánsdóttir**

**Guðlaug Bjarnadóttir**

**Alda Bjarnadóttir**

**Steinunn Kristín Bjarnadóttir**

**Eyrún Jenný Bjarnadóttir**

**Einar Sigtryggsson**

**Aðalsteinn Þór Sigurðsson**

**Kristján Pétur Hilmarsson**

og barnabörn.



*Víð erum til staðar  
þegar þú þarft á  
okkur að halda*

**Elín Sigrún Jónsdóttir,**  
lögfræðingur



## Hinsti vilji

Hver er vilji þinn varðandi skipulag og fyrirkomulag útfarar, þ.e. hinsti vilji. Við bjóðum þér til samtals um það sem er þér mikilvægast við lífslok þín. Viljayfirlýsing þín verður eftirlifendum mikilvægt leiðarljós. Samtalið og varðveisla upplýsinga er þér að kostnaðarlausu.

## Útfararstofa kirkjugarðanna

Útfarar- og lögfræðipjónusta

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | [utfor.is](mailto:utfor.is)

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@365.is](mailto:timamot@365.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 512 5000.



Í kór Akranesarkirkju eru um 50 manns. Sveinn Arnar Sæmundsson, organisti kirkjunnar, verður í hlutverki stjórnanda í kvöld.

# Jóhannesarpassía Chilcotts frumflutt í kvöld á Íslandi

Vöruhús á Kalmansvöllum á Akranesi breytist í tónleikasal í kvöld þegar kór Akranesarkirkju, einsöngvarar og hljóðfæraleikarar flytja þar Jóhannesarpassíu eftir Bob Chilcott. Sveinn Arnar Sæmundsson organisti á Skaganum stjórnar herlegheitunum.

„Þetta er gríðarlega áhrifamikilt verk,“ segir Sveinn Arnar Sæmundsson, organisti Akranesarkirkju, um Jóhannesarpassíu breska kórtónskáldsins Bobs Chilcott sem verður flutt í fyrsta skipti á Íslandi í kvöld af Kirkjukór Akraness og fleirum.

Flutningurinn fer fram í vöruhúsi á Kalmansvöllum á Akranesi sem Skagamennt hafa áður notað sem tónleikahús þegar tækifæri hefur gefist og Sveinn segir hljómburð þar góðan. Hann ætlar að stjórna kirkjukórnum en Aðalheiður Þorsteinsdóttir verður á orgelinu. Fjórir einsöngvarar leggja líka fram krafta sína, þeir Gissur Páll Gissurarson tenór sem syngur

hlutverk guðspjallamannsins, Hafsteinn Þórólfsson sem túlkar Jesú og Örn Arnarson sem syngur hlutverk Pilatusar. Auk þeirra syngur Elfa Margrét Ingvadóttir tvær fallegar sópranaríur ásamt kórnum.

Sveinn Arnar segir verkið njóta mikilla vinsælda um allan heim enda sé það vel samið. „Það er byggt á Jóhannesarguðspjalli, textinn er um handtöku og krossfestingu Krists og inn í það fléttar Chilcott glæsilegum kórköflum þar sem sungnir eru sálmar og ljóð sem tengjast þessum dramatísku atburðum.“

Æfingar hófust upp úr áramótum. „Í upphafi ætluðum við ekki að flytja allt

